



Tvær strategíur: Hin óþekkta saga Vatnajökulsþjóðgarðs

Hálf ævisaga tillögusmiðs og óvenjuleg ‘atvinnuumsókn’

Höfundur: Sverrir Sv. Sigurðarson, viðskiptafræðingur

Tölvupóstur: sverrir@sverrir.info - Vefur: www.sverrir.info

Youtube rás: www.youtube.com/svsvsig

Reykjavík, desember 2018

Þessi samantekt er **óháð og í engum tengslum við stofnunina Vatnajökulsþjóðgarð**. Efni samantektarinnar er fræðsla um söguna, aðferðir og ástæður, stjórnmál og hagsmuni í upphafi málsins, og atburðarás í framhaldinu, en fjallar ekki um þjóðgarðinn í dag eða það fólk sem þar starfar. Vatnajökulsþjóðgarður svarar ekki fyrir þetta mál, nema kannski texta í kafla 5.1.-5.3.

Efnisyfirlit

Stutt yfirlit helstu atriða	4
Þetta er skrifað í þriðju persónu.....	5
Kafli 1. Tillögusmiður leggur fram mál og röksemdir	6
1.1. Óvenjulegt verkefni	6
1.2. Ferill hugmynda í stuttu máli	6
1.3. Viðskiptahugmynd fyrir íslenskt efnahagslíf	11
1.4. Friðar- og jafnvægistillögur	13
1.5. Lýðræðisviðhorf og ekki á móti Kárahnjúkaverkefninu	14
1.6. Hvað er þjóðgarður?.....	15
1.7. Hvað er verðmætasköpun?	16
1.8. Viðbrögð meðan á kynningarvinnu stóð	16
Kafli 2. Sú hlið sem sneri að Alþingi og ríkisstjórn.....	18
2.1. Hvaðan komu tillögur til stjórnámálanna?.....	18
2.2. Hvenær hófst opinber umræða hjá öðrum?	20
2.3. Hafði verið minnst á einu sinni.....	21
2.4. Var þetta alveg sjálfstæð hugdetta?	21
2.5. Hjörleifur hefur ekki sagt rangt frá.....	23
2.6. Vatnajökulsþjóðgarður var mótvægi við Kárahnjúkavirkjun.....	23
2.7. Gerðu einhver sér grein fyrir framlagi Sverris?	24
2.8. Bók með öllum sögulegum gögnum.....	25
2.9. Mótmælendur setji fram gögn	26
Kafli 3: Það sem við tók	26
3.1. Hvað tók við hjá tillögusmið?	26
3.2. Gerði ýmislegt áhugavert með námi	27
3.3. Alþingi að vinna að málum	28
3.4. Hinar miklu deilur um virkjanaframkvæmdir	28
3.5. Mikil verðmæti fyrirsjáanleg	30
3.6. Mjög áhugaverðar spár	30
3.7. Ríkið nýtti sér tvær hugmyndir – tvær „strategíur“	31
Kafli 4: Þróun mála var áskorun	32
4.1. Reynt að kynna málið	32

4.2. Súrrealísk þróun mála.....	32
4.3. Mál þróuðust ekki á besta veg	33
4.4. Snúin staða	34
4.5. Svo kom bankahrunið.....	34
4.6 Hvað mætti taka við	34
4.7. Ekki víst að allir átti sig	35
4.8. Er framtíðin örugg?	37
Kafli 5: Vatnajökulspjóðgarður og framtíðin	38
5.1. Mikið lagt í Vatnajökulspjóðgarð	38
5.2. Vatnajökulspjóðgarður seinn á sér.....	38
5.3. 10+ atriði til reiðu	40
5.4. Hvað ef...?.....	40
Kafli 6: Ósk frá frum höfundu Vatnajökulspjóðgarðs	41
6.1. Meiri þátttöku í starfsemi samfélagsins.....	41
6.2. Erindi til þjóðarinnar.....	42
6.3. Hafa samband – vinsamlega óskað eftir svörum og athugasemdum	42
Lokaorð.....	43
Viðauki: Verkefni sem Sverrir gæti unnið í – hvað hangir á spítunni	45

Stutt yfirlit helstu atriða

Á þessu ári er haldið upp á 100 ára afmæli fullveldis íslensku þjóðarinnar. Fullveldið fékkst árið 1918 og er afmælið því nú á árinu 2018. Þjóðinni gekk fremur illa fyrstu árin, enda var þröngt í búi og ýmsar kringumstæður slæmar. Hins vegar hefur gengið mjög vel að mestu á síðustu tæpum 80 árum. Því ber að fagna.

Hvernig mun þjóðinni vegna næstu áratugina, eða næstu 100 ár? Er allt öruggt um það?

Það er gífurlega mikilvægt fyrir þjóðir að einhver taki sér tíma í að horfa vítt og breitt og leita að nýjum tækifærum fyrir þjóð. Þar af leiðir að það skiptir miklu hvað tekur við eftir slíkt framlag. Það er engin spurning, að þættir sem eru upplýstir í þessari samantekt, gætu sumir hverjir haft áhrif á gengi þjóðarinnar, ef ekki er hugað að málum og þessi staða gæti endurtekið sig. Það sem fjallað er um hér eru atriði sem þarf að íhuga vel og læra af.

Málið snýst um Vatnajökulsþjóðgarð og hingað til óþekktar hliðar á því máli, að hluta óásættanlegar sem er þó hægt að kippa í liðinn. Vatnajökulsþjóðgarður var uppfinning, nýsköpun, sem varð í upphafi ekki til í sölum Alþingis heldur í grasrótinni. Tilgangur þess rannsókn- og þróunarstarfs var atvinnusköpun og markaðssetning Íslands erlendis. Þetta mál var unnið fyrir þjóðina, ekki sérhagsmuni. Hér var á ferð stefnumótun sem átti að geta gagnast atvinnulífi, ekki bara ferðaþjónustu þó þar væri mestur ávinningur, heldur afleidd áhrif líka fyrir matvælaframleiðslu, útflutning sjávarafurða, jafnvel virkanir og stóriðju. Í þessum tillögum var líka bent á leið til að samþætta virkjanir og náttúruvernd, þannig að fyrrnefndi “bransinn” gæti jafnvel grætt á stofnun stórs þjóðgarðs, ef áhugi væri á. Hér voru því á ferðinni tvær megin hugmyndir, “strategíur”, og ríkið er að nota báðar. Þetta var millivegur, verðmætaskapandi málamiðlunartillaga, en slíkar voru fáséðar þá.

Með þessum texta er ákveðið mál opnað og sögð þessi saga, loksins. Segja má að þetta sé fyrst og fremst tengd sögu þjóðarinnar og stórum aðgerðum íslenska ríkisins og stjórnámálanna, en það er fleira hér á ferð. Þetta er dramatískt mál og mjög óvenjulegt. Það á að vera nokkuð óhætt að lofa lesandanum að eftirfarandi texti er jafnvel með því ótrúlegasta sem lesandinn kynnir sér á árinu. Þessu efni er komið á framfæri við hina og þessa sem hugsanlega, og hugsanlega ekki, gætu haft áhuga á málinu. Það er eins og gengur, og fólk kynnir sér þetta eins og það vill. Ef þú hefur ekki áhuga máttu gjarnan koma þessu á framfæri við aðra sem þú heldur að gætu haft áhuga. Höfundur vill gjarnan stofna til samtals við öfgalaust fólk sem telur að nýsköpun og leit að nýjum tækifærum séu mikilvæg. Fólk sem vill skilja smáa þætti, og heildarmyndina.

Höfundur tók þátt í hugmyndasamkeppni fyrir 22 árum. Þetta var stór hugmyndasamkeppni sem haldin var af umhverfisráðuneytinu og Skipulagi ríkisins. Samkeppnin hét „Ísland árið 2018.“ Árið 2018 virtist langt í burtu á þeim tíma. Höfundur vann til efstu verðlauna í samkeppninni. Ekki bjóst höfundur við að á sjálfu árinu 2018 myndi höfundur vera að setja fram þennan texta hér.

Í örstuttu máli gengur málið út á þetta: Vatnajökulsþjóðgarður, sem er stærsti þjóðgarður Vestur-Evrópu, er upphaflega í grunninn hugverk, höfundarverk, Sverris Sv. Sigurðarsonar, viðskiptafræðings, sem má sanna með gögnum (sjá síðar). Stjórnámálameinn sem samþykktu stofnun garðsins á sínum tíma fengu grunn hugmyndir, vandlega þróaðar og rökstuddar faglegar tillögur, áður en málið kom fram á Alþingi, frá Sverri og frá engum öðrum. Enginn

annar í sögu þjóðarinnar setti fram svipaðar viðamiklar tillögur. Ekki náttúruverndarsinnar, né neinir aðrir. Þetta kunna að virðast stórar yfirlýsingar en sönnunargögnin eru kynnt í eftirfarandi texta, og öll gögnin í annarri sex sinnum stærri bók sem hefur allar upplýsingar og líka er sagt frá, nægja til að sýna fram á þetta. Það eru ýmsir aðilar, sem vita þetta vel.

Þjóðgarðurinn, eða arfleifð hans verði hann stækkaður, gæti orðið mjög verðmætur í framtíðinni, sé miðað við áætlanir þar um sem voru unnar fyrir hið opinbera fyrir nokkrum árum. Auknar gjaldeyrstekjur sem hefðu annars ekki komið til myndu margfaldast í hagkerfinu skv. margfeldisáhrifm (economic multiplier) og gefa af sér auknar skatttekjur til ríkis og sveitarfélaga, upp á marga milljarða á ári nettó. Miðað við lægri mörk þess sem áætlað var gætu auknar skatttekjur ríkisins t.d. nægt til að borga framlög úr ríkissjóði til allra háskóla á Íslandi utan H.Í., eða 60% af framlagi til H.Í. Stjórnámálmenn sáu kosti þess að stofna svona svæði, sem er í dag sérstök ríkisstofnun á fjárlögum, og það svæði byggðist mjög líklega á framlagi Sverris sem lagði til upphaflegar tillögur. Það er ekkert smáræði.

En það ber skugga á. Þegar þessari vinnu var að ljúka voru að hefjast gríðarlegar deilur og hagsmunaátök um hálendið og hugsanlegar virkjanaframkvæmdir, eftir um tveggja áratuga hlé á þeim vígstöðvum. Það var á sama stað og svæðið sem Sverrir hafði lagt til. Hægt er að velta fyrir sér frá ýmsum hliðum hvaða áhrif þetta hafði, en alla vega er ljóst að ferill Sverris varð ekki eins og að var stefnt, eða eins og hann hefði getað orðið. Málið festist í ákveðnu fari. Það var algerlega óverðskuldað, sem má vera ljóst þegar málið er skoðað. Sverrir leitar nú leiða til að laga þetta.

Hér með er þér og öðrum boðið að kynna þér það mál sem fjallað er um í eftirfarandi texta, með beiðni og ósk, í annað sinn, um að finna lausn á þessu máli sem gæti verið öllum til góðs. Þetta er einskona atvinnuumsókn má segja. Eins getur þú komið með ráðleggingar. Þeir sem þetta skoða ættu að velta vandlega fyrir sér hvað það geti þýtt fyrir íslenskt samfélag, ef málum er svona háttað almennt séð.

Textinn hér á eftir kann að virðast langur, en er þó mjög knappur. Hann er skrifaður í þriðju persónu, en eftir Sverri sjálfan. Miklu meira mætti segja um þetta mál. Þetta er hálfgildings ævisaga, sem er þó mun styttri og fljótlesnari en aðrar ævisögur sem koma út um jólin.

Nú er málið opnað...

Þetta er skrifað í þriðju persónu

Nú kann einhverjum að finnast að þessi texti fjalli bara um Sverri. En í raun er hægt að líta svo á að hann fjalli fremur um „einhvern einstakling“ sem tekur upp á því að fá góða hugmynd að framförum fyrir samfélagið allt, vinnur málið áfram og kynnir. Svo er fjallað um

hvað getur gerst, ef hugmyndin fær stuðning hjá sumum ráðamönnum, en öðrum ekki. Þess vegna var þetta skrifað í **þriðju persónu**, þar sem svipað gæti endurtekið sig hjá öðrum.

Kafli 1. Tillögusmiður leggur fram mál og röksemdir

1.1. Óvenjulegt verkefni

Sverrir Sv. Sigurðarson útskrifaðist úr Háskóla Íslands sem viðskiptafræðingur Cand. Oecon. af markaðssviði eftir fjögurra ára fullt nám. Hann hafði ekki aðeins lokið við nám með góðum árangri, heldur hafði hann gert eitthvað mun meira sem átti að vera jákvætt framlag til samfélagsins. Miðað við allar eðlilega forsendur ætti árangursríkur ferill að hafa hafist.

Meðfram náminu hafði hann þróað og kynnt tillögur til atvinnusköpunar og markaðssetningar landsins, sem voru að fá talsverðar jákvæðar undirtektir, þó að hluti viðbragðanna gerðist án þess að hann vissi mikið um það. Þessar tillögur og það sem gerðist svo var mjög óvenjulegt, eða jafnvel einstakt. Tilgangurinn með þessari vinnu var einfaldlega að láta gott af sér leiða og að auðga umræðuna með því að koma á framfæri hugmyndum sem aðrir gætu velt fyrir sér, en án þess að nein krafa fylgdi með um að framkvæma þær.

Bakgrunnur þessara hugmynda var kreppa sem gekk yfir Ísland kringum árið 1990, þar sem margir misstu sitt. Sverri fannst nauðsynlegt að horfa skipulega kringum sig og leita nýrra tækifæra, frekar en að standa í kvörtunum og þrasi sem var því miður mjög ríkjandi. Fyrsti vísir að þróun þessara hugmynda byrjaði haustið 1992. Sverrir taldi að í lífinu ætti hver maður að gera alla vega eitt mál myndarlegum hætti, þar sem markmiðið væri að styrkja samfélagið sitt í stað þess að vinna aðeins að eigin hag. Segja má að hugsjónir Rotary hafi verið þar að baki, en faðir Sverris var í Rotary, og bæði Paul Harris félagi og heiðursfélagi. Þó Sverrir hafi aldrei verið í Rotary var það hluti af hans æskuumhverfi. Í Rotary velta menn fyrir sér svokölluðu fjórprófi, og kannski var þessi vinna Sverris að hluta undir áhrifum af því.

Vatnajökulsþjóðgarður er tíu ára á þessu ári. Ríkisstjórnin tók hins vegar ákvörðun um stofnun þjóðgarðsins fyrir átján árum, en Alþingi hafði samþykkt formlega, einu og hálfu ári fyrir þann tíma, að láta fara verulega í saumana á þeirri hugmynd að stofna þarna þjóðgarð. Ákvarðanirnar á sínum tíma byggðu augljóslega á þeim tillögum og röksemdum sem stjórnámálamenn höfðu aðgang að á þeim tímamarki, og þeirra eigin umræðum þar um.

Sumir sem hafa aðeins fylgst með málinu frá því ríkisstjórnin samþykkti að stofna garðinn eiga erfitt með að átta sig á að eitthvað merkilegt hafi gerst fyrir þann atburð. En allar langar leiðir byrja á fyrsta skrefinu, og sá veldu miklu sem upphafinu veldur. Málið byrjaði á því að grunn fagleg tillaga var þróuð, kynnt og rædd. Gæði þeirra hugmynd og röksemda sem höfðu verið settar fram, og það hve mikið þær tillögur og röksemdir höfðu til þáverandi ráðamanna, réðu því. Upphafið skipti því miklu máli. Án góðs upphafs er ekkert framhald.

1.2. Ferill hugmynda í stuttu máli

Í stuttu máli var þróun og kynning þessi: Sverrir þróaði þessar tillögur frá 1992/1993 og til ágúst 1994. Sverrir sendi þá samantekt hugmyndanna til nokkurra alþjóðlegra hótélkeðja erlendis, til að prufukeyra hugmyndirnar. Svörun var góð eða um 30%. Það var ljóst að þeir

Tvær strategíur: Hin óþekkta saga Vatnajökulsþjóðgarðs

gáfu sér tíma til að skoða þetta. Viðbrögðin voru frekar uppörvandi, og engin neikvæð umsögn kom. Það voru líka hátt settir stjórnendur sem skrifuðu undir bréfin. Viðbrögðin voru þannig að hann ákvað að sér væri óhætt að kynna tillögurnar. Taka má fram að ýmislegt af þeim atriðum sem Sverrir nefndi, eins og að Ísland gæti komist í tísku og orðið vinsælt hjá „high value“ ferðamönnum, hefur orðið að veruleika þó það hafi ekki verið veruleikinn þá.




Hluti svarbréfa sem barst frá alþjóðlegum hótélkeðjum.

Sverrir birti þrjár stórar blaðgreinar í röð í Morgunblaðinu þann 3., 4. og 10. Janúar 1995, og gerði stjórnámálamönnum sérstaklega aðvart um þær með bréfi heim til þeirra. Hann bætti við þremur ritgerðum á því ári sem hann dreifði til rúmlega 100 manns, þingmanna, ráðherra, og annarra sem skiptu máli. Prentn viðbrögð bárust við öllu þessu árið 1995.



Blaðgreinarnar þrjár sem birtust í Morgunblaðinu 3., 4. og 10. janúar 1995. Sverrir var á fyrsta ári í námi í viðskiptafræðum við H.Í.



Ritgerðinar sem var dreift til rúmlega 100 manns í kjölfarið árið 1995.

Árið 1996 vann hann til efstu verðlauna í hugmyndasamkeppni á vegum umhverfisráðuneytis og Skipulags ríkisins. Tóku aðallega fagmenn þátt í henni, arkitektar til dæmis. Sverrir fékk þar efstu verðlaunin með tveimur öðrum, og var eini háskólaneminn sem fékk verðlaun. Hann hélt fyrirlestur á málþingi um niðurstöður samkeppninnar í Norræna húsinu í janúar 1995, þar sem umhverfisráðherra og öll umhverfisnefnd Alþingis, skipulagsstjóri ríkisins og fleiri voru meðal áheyrenda. Morgunblaðið birti viðtal við Sverri 28. janúar, og daginn eftir birti blaðið forystugrein (leiðara) 29. janúar 1997 þar sem mælt var til að hugmyndir Sverris yrðu sérstaklega til skoðunar þegar framtíðarskipulag hálendis Íslands yrði ákveðið. Hrósaði blaðið röksemdum Sverris og nefndi hann á nafn sem viðskiptafræðinema. Það var í meira lagi óvenjulegt Morgunblaðið birti forystugrein þar sem mælt væri sérstaklega með hugmyndum fyrir samfélagið sem háskólanemi væri að kynna í eigin sjálfbóðaliðastarfi. Áhrif Morgunblaðsins í Þjóðlífinu og í Sjálfstæðisflokknum eru vel þekkt. Sverrir átti að vísu eftir að kynnast síðar að Morgunblaðið er stór vinnustaður og þar rúmast margskonar skoðanir. Sverrir vann líka ritgerðarsamkeppni ársins 1997 meðal háskólanema, sem Vísbending, tímarit um efnahagsmál, stóð fyrir. Auk þess talaði hann á þremur fundum. Sverrir birti fjórðu blaðagreinina í nóvember 1997, um skipulag hálendisins, með gögnum um viðhorf almennings í Evrópu og USA til upplifunar á ósnortinni náttúru.

Loks var hann meðal höfunda í bókinni *Hugmyndir* sem kom út í desember 1998, þar sem hann skrifaði pistil með nýjum viðbótarhugmyndum um efnið. Það voru hugleiðingar og kerfisbundin úttekt á því hvaða svið atvinnulífsins gætu grætt á bættri ímynd, sem væri afleiðing af friðun svona svæðis á Vatnajökli og nágrenni. Formaður útgáfuráðs bókarinnar var Davíð Oddsson, forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins. Bókin var gefin út til minningar um Eyjólf Konráð Jónsson, sem var þingmaður Sjálfstæðisflokksins og ritstjóri Morgunblaðsins. Það sem var sérstakt var að Sverrir var sá eini af höfundum sem var námsmaður þegar bókin kom út. Það er athyglisvert að skoða hverjir höfundarnir voru, 22 talsins, en þeir hafa margir orðið með helstu áhrifamönnum hér t.d. ráðherrar, borgarstjóri, rektor, forstjórar og fleira, og er það nokkuð athyglisverður listi.

Þá var þegar komin fram þingsályktunartillaga Hjörleifs Guttormssonar á Alþingi um stofnun fjögurra jöklaþjóðgarða, sem hann setti fram á Alþingi í febrúar 1998. Ekki var áhugi á því hjá

ríkisstjórnarflokkunum, en í staðinn var tillögunni breytt, formlega eftir tillögu Hjörleifs, og stefnt á þjóðgarð á Vatnajökli eingöngu, sem var í raun sama og Sverrir hafði talað um. Þingsályktunartillaga um Vatnajökulsþjóðgarð var samþykkt á Alþingi í mars 1999. Stofnun þjóðgarðsins var svo samþykkt í ríkisstjórn í september árið 2000.

Sverrir fékk verðlaun upp á 550 þúsund krónur í hugmyndasamkeppninni 1996, en skatturinn og lánasjóðurinn tóku strax um 85% af því til baka, (en Sverrir myndi að vísu klára að greiða námslán örlítið fyrr tveimur áratugum síðar). Aðeins fóru um 80-90 þúsund krónur af því í vasa Sverris á því ári. Sverrir var örugglega búinn að eyða nálægt því í skýrslur, bækur, ljósritun og heftun, sendingar á því með pósti, bílferðir, og slíkt. Nettó fékk því Sverrir ekkert aukalega í vasann á þessum árum fyrir þessa vinnu, en það var heldur ekki markmiðið.

Þetta er stutt lýsing á því sem gerðist á þessum árum, en ítarlegri lýsingu er að finna í bókinni Skrefin að Vatnajökulsþjóðgarði, bls. 187-240, sem má fá frítt á vefnum www.sverrir.info.



Frá verðlaunaafhendingunni í samkeppninni Ísland árið 2018, í september 1996. E.t.v. Sverrir tekur við verðlaunum, úr hendi Arinbjarnar Vilhjálmssonar, form. dómnefndar, og Stefáns Thors, skipulagsstjóra. E.t.h. verðlaunahafar sem fengu 1.-3. verðlaun, f.v. Þorsteinn Ingi Sigfússon prófessor tók við verðlaun fyrir hönd bróður síns Þórs Sigfússonar, hagfræðings, sem var ekki á landinu, Einar Valur Ingimundarson, umhverfisverkfræðingur, og Ólafur Pétursson, grafískur hönnuður, og Sverrir, og svo verðlaunahafar með 4.-5. Verðlaun: Auður Sveinsdóttir, landslagsarkitekt, Anna Fjóla Gísladóttir, ljósmyndari, og Guðrún Jónsdóttir, arkitekt, og loks Einar Þorsteinn, hönnuður. Niðri er greinargerð dómnefndar, og Sverrir.

Stærsti þjóðgarður Vestur-Evrópu

Ankerið í náttúruúmynd Íslands

ÍSLAND: Friðfjota náttúra og umheimurinn er heitið á tillögu Sverris Sveins Sigurðarsonar sem á dögunum fékk 1.-3. verðlaun í samkeppni um framtíðarskipulag hálendisins. Kjarninn í hugmyndum hans er að komið verði á fót stærsta friðfjota náttúruverndar- og útivistarsvæði í Vestur-Evrópu á hálendi Íslands, með Vatnajökul sem miðpunkt. Sverrir telur að sínar hugmyndir geti farið saman við fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir á hálendisins.

Nú nálgast þú náttúruvernd út frá kenningum markaðsfræðinnar. Hvernig fer það saman?

Hingað til hafa friðunaraðgerðir miðast af því að ná ákveðnum tilfinningalegum markmiðum. Mínar hugmyndir miðast hinsvegar af því að ná peningalegum. Ég sé ekki betur en að þetta tvennt geti farið saman vegna þess að peningalegu markmiðin nást ekki nema hægt sé að uppfylla þau tilfinningalegu markmið fyrir þá ferðamenn sem hingað koma.

Ég staðset Ísland í Vestur-Evrópu enda er það hinn ríki hluti álfannar. Ég er að reyna að benda á aðgerðir til að auka hreinleikamynd landsins sem við viljum að það hafi í augum útlandinga. Í dag erum við með svæði sem eiga að sýna fram á þessa mynd, svo sem Gullfoss, Geysi og Bláa lónið, en eru í raun ekki sjálfkrafa sönnun fyrir hreinleika landsins.

Hvaða svæði er hér um að ræða?

„Ég er hér að tala um svæði sem þegar er höið að friða. Það eru til dæmis þjóðgarðurinn í Jökulsárgjögnum, Skútustaðagígar við Mývatn, Mývatns- og Láxarsvæðið, friðandið í Herðubreiðarlindum, Askja, Lónsöræfi, þjóðgarðurinn í Skaftafelli, friðlandið í Eguvíðum í Vatnajökli og Lakagígur. Við þetta svæði mætti einnig bæta svæðum sem Náttúruverndarráð hefur sett á náttúruminjaskrá. Þannig mætti tengja þetta við Landmannalaugar, Heklu og Þórsörök. Þá væri svæðið ekki aðeins orðið stórt, heldur einnig mjög spennandi. Það myndi afmarkast af Heklu og Þórsörök í suðaustri, Lónsöræfum í austri og þjóðgarðinum í Jökulsárgjögnum í norðri. Þá væru innan marka þessa svæðis ýmsir markverðir staðir, til dæmis yngsta eldstöðin okkar í Vatnajökli.“

Verður Vatnajökull eins konar miðpunktur þessa svæðis?

„Mín rök eru þau að stærsti jökull Evrópu með eldstöð innan sinna marka sé jafnspennandi hluti af náttúru Íslands og önnur svæði sem þekkt eru og hluti af því sem gerir náttúru Íslands sérstaka í augum Evrópubúa. Þar með finnst mér að hann eigi helma innan friðaðs svæðis. Þegar hefur verið friðaður einn fimmi hluti jökulsins, ásamt svæðum sem náttúruverndarráð hefur sett á náttúruminjaskrá. Þess vegna finnst mér að ganga eigi alla leið og friða allan jökulinn. Ák þess eru engar reglur um öryggi og umgengni á Vatnajökli. Fólk hefur lent þar í vandræðum og hjá Almanna-vörnum ríkisins eru þær skoðanir



Sverrir Sveinn Sigurðarson

► Sverrir Sveinn Sigurðarson er fæddur 8. september 1967. Hann útskrifaðist frá Fjölbrotaskólanum í Garðabæ árið 1986 en er nú á þriðja ári viðskiptafræði við Háskóla Íslands. Sverrir er ókvæntur og barnlaus.

uppi að nautslegt sé að koma slíkum reglum á. Að mínu mati er það viss fríllýsing að setja slíkar reglur og bendi á þá lausn að sveitarfélögin gætu tekið sig saman og stofnað til fólkvangs og komið á umgengisreglum á jöklinum. Þar með væri komin alþjóðlega viðurkennd friðun. Þá væri Vatnajökull orðinn einkkonar miðpunktur og tengja saman öll þessi svæði og þannig væri orðið til stærsta friðaða svæði Vestur-Evrópu.“

Hvernig fara hugmyndir þínar um hreina og óspilla náttúru saman við fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir á næstu árum?

„Ég er ekki neinn sérstakur aðkandi orkumannvirka en ef málið er skoðað af köllu raunsæi þá held að maður verði að segja að ekki sé hægt að útiloka að Íslendingar kjósi að fara út í frekari orkuvinnu í framtíðinni. Þess vegna faunst mér rétt að skoða þessa tvo þætti saman, það er virkjanakosti og friðun. Það kom í ljós að þeir voru oft staðsettir á öllum stöðum þótt það væri ekki alltaf. Það er því ekki hægt að útiloka að þessar tvær stefnur geti lifað saman í einhverju samlyði, þótt ég voni að ráðamenn fari mjög varlega í orkuframkvæmdir.“

Gæti fríllýsing stórs hluta hálendisins e.t.v. skapað okkur jafnmiklar tekjur og virkjanir með auknum ferðamannastraumi?

„Ég rannsakaði hvernig mynd verður til, hvar hún hefur áhrif og hvernig hún getur fæst á milli ólíkra þátta. Ef okkur tekst að koma upp þessari mynd hreinleika, myndi fólk sem vill temja sér lífstíll og samsama sig ótíveru og hreinni náttúru fá meiri áhuga á ýmsum vörum frá Íslandi, til dæmis íslenskum matvæmum. Þess vegna tel ég að ef Íslendingar gætu nýtt sér vel markaðsmöguleika á þessum hátt geti þeir skapað sér til miklar tekjur út á mynd landsins. Það koma hingað 200 þúsund ferðamenn á ári og eru yfirleitt dolfallnir yfir landinu. Slíka hrifningu er hægt að virkja, alveg eins og vatnsföllin,“ segir Sverrir.

28 MIÐVIKUDAGUR 29. JANÚAR 1997

Morgunblaðið

STOFNAD 1913

ÚTGEFANDI: Árvakur hf., Reykjavík.
FRAMKVÆMDASTJÓRI: Hallgrímur B. Geirsson.
RITSTJÓRAR: Matthías Johannessen, Styrmir Gunnarsson.

FLOKKUR Á KROSSGÖTUM

FUNDUR miðstjórnar Alþýðubandalagsins um síðustu helgi var vettvangur nokkurra pólitískra tíðinda. Hvað sem líður yfirlýsingum forystumanna flokksins um sættir, lítil átök og óbreytta stefnu, sýndi fundurinn að Alþýðubandalagið hafi ákveðið að krossgötum á milli mismunandi nýtingar hálendisins — annars vegar til orkuframleiðslu og hins vegar til ferðamennsku og útivistar. Ekki fer á milli mála að hin stórbrotna náttúra hálendisins er verðmæti í sjálfri sér og hana verður að vernda sem slíka. En hún er líka „útflyttingsvara“ vegna gildis hennar fyrir ferðamennsku. Það þarf þess vegna ekki bara að finna jafnvægi milli hagnaðarsjónarmiða og verndunarsjónarmiða, heldur á milli mismunandi hagnaðarsjónarmiða.

Stærsti þjóðgarður Vestur-Evrópu myndi án efa draga til sín ferðamenn, jafnframt því sem stofnun þjóðgarðs myndu væntanlega fylgja skýrar reglur um umgengni við viðkvæmstu náttúruperlu Íslands. Hugmyndin er því einn þeirra kosta, sem skoða á þegar mótuð er framtíðarstefna um nýtingu hálendisins.

ÞJÓÐGARÐUR Á HÁLENDINU

Á MEÐAL verðlaunatilagna í samkeppni um framtíðarskipulag hálendisins var tillaga ungs viðskiptafræðinema, Sverris Sveins Sigurðarsonar, sem gerir ráð fyrir að á hálendi Íslands verði komið á fót stærsta friðfjota náttúruverndar- og útivistarsvæði í Vestur-Evrópu, sem hafi Vatnajökul sem eins konar miðpunkt. Að hluta yrðu núverandi þjóðgarðar hluti þessa svæðis, en við það yrði bætt öðrum svæðum á náttúruminjaskrá.

Hugmyndin um stærsta þjóðgarð Evrópu á hálendinu er út af fyrir sig ekki ný. Hún tengist einnig hugmyndum um að skipuleggja hálendið þannig að á ákveðnum svæðum verði virkjanir og lagning rafllna leyfðar, en önnur svæði, þar sem náttúruferðar eru mikil, verði friðlýst og tekin frá fyrir útivist og ferðaþjónustu.

Hins vegar er athyglisvert með hvaða rökum Sverrir Sveinn stýður tillögu sínar: „Hingað til hafa friðunaraðgerðir miðast af því að ná ákveðnum tilfinningalegum markmiðum. Mínar hugmyndir miða hins vegar af því að ná peningalegum. Ég sé ekki betur en að þetta tvennt geti farið saman vegna þess að peningalegu markmiðin nást ekki nema hægt sé að uppfylla þau tilfinningalegu markmið fyrir þá ferðamenn, sem hingað koma.“

Mörgum þykir sem nú sé kominn tími til að staldra við og móta skýra stefnu um það, hvernig finna beri jafnvægi milli mismunandi nýtingar hálendisins — annars vegar til orkuframleiðslu og hins vegar til ferðamennsku og útivistar. Ekki fer á milli mála að hin stórbrotna náttúra hálendisins er verðmæti í sjálfri sér og hana verður að vernda sem slíka. En hún er líka „útflyttingsvara“ vegna gildis hennar fyrir ferðamennsku. Það þarf þess vegna ekki bara að finna jafnvægi milli hagnaðarsjónarmiða og verndunarsjónarmiða, heldur á milli mismunandi hagnaðarsjónarmiða.

Stærsti þjóðgarður Vestur-Evrópu myndi án efa draga til sín ferðamenn, jafnframt því sem stofnun þjóðgarðs myndu væntanlega fylgja skýrar reglur um umgengni við viðkvæmstu náttúruperlu Íslands. Hugmyndin er því einn þeirra kosta, sem skoða á þegar mótuð er framtíðarstefna um nýtingu hálendisins.

Viðtal 28. Janúar, og forystugrein Morgunblaðsins, 29. janúar 1997. Þetta er birt hér til upplýsingar, með vísun í „fair use“ skilyrði, enda er fjallað um höfund þessa texta.

1.3. Viðskiptahugmynd fyrir íslenskt efnahagslíf


Til að skilja hvað Vatnajökulsþjóðgarður er í reynd, eða hvað hann ætti að vera samkvæmt þeim hugmyndum sem voru á kreiki þegar stjórnámálamenn á sínum tíma samþykktu að stofna hann, þá þarf að skilja að upprunalegar hugmyndir voru leið til atvinnuþróunar og styrkingar á ímynd landsins. Lykilatriði var að stofna stórt og mjög glæsilegt friðlýst náttúruverndar- og útivistarsvæði, sem myndi virkja áhuga fólks erlendis á óspilltri náttúru. Með auknum áhuga á umhverfismálum og óspilltri náttúru á meðal tuga eða hundruða milljóna einstaklinga í vestrænum samfélögum var ljóst, að þar var orðin til aukin eftirspurn eftir þeim gæðum. Mjög stórt, formlega skilgreint náttúruverndar- og útivistarsvæði eða þjóðgarður myndi draga fram betur þessa kosti íslenskrar náttúru. Svæðið yrði það flott að það gæti orðið þekkt erlendis með tímanum, og gæti orðið „hornsteinn“ í ímynd landsins. Svona svæði eða þjóðgarður yrði það stærsta í Vestur-Evrópu, og gæti smám saman orðið þekkt eins og t.d. Yellowstone, Yosemite, Grand Canyon og fleiri þjóðgarðar eru í Bandaríkjunum. Andstætt því sem margir kannski halda, þá voru upphaflegar tillögur um stofnun stórs náttúruverndarsvæðis á og í kringum Vatnajökul í grunninn því ekki venjulegar náttúruverndarhugmyndir, en voru þó hugsaðar til að nýta áhuga fólks erlendis á slíkum hugsjónum. Þarna voru á ferðinni hnitmiðaðar atvinnusköpunarhugmyndir sem áttu að geta gert gagn fyrir margar atvinnugreinar. Þetta snerist um að auðvelda markaðssetningu Íslands, aðallega gagnvart ferðamönnum en raunar einnig á öðrum sviðum sem gætu beint eða jafnvel óbeint grætt á náttúruímynd Íslands. Það er til dæmis ljóst að matvælaframleiðsla getur grætt á bættri og sterkari hreinni náttúruímynd.



Einn af fundunum sem Sverrir talaði á árið 1997, þessi var á starfsdögum í MH. Frá vinstri á myndinni Kári Kristjánsson, landvörður, Hjörleifur Guttormsson, alþingismaður, Sverrir í peysu, Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar, og Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins. Hjörleifur talaði um náttúruvernd á almennum nótum, en Sverrir kynnti hugmyndir sínar um Vatnajökul og notaði myndvarpann fremst á myndinni til þess. Aðrir töluðu fyrir hönd sinna viðhorfa.

Þetta myndi þá auðvelda atvinnusköpun, bæði á austurhluta landsins á svæðunum kringum hinn stóra jökul, en einnig víðar. Þetta er kannski skýringin á því hvers vegna Sjálfstæðisflokkurinn var áhugasamur um þetta mál, en sá flokkur hafði annars ekki verið þekktur fyrir að hafa eldheitan áhuga á því sem náttúruverndarsinnar höfðu lagt fram áratugina á undan. Með Sjálfstæðisflokki var Framsóknarflokkur í ríkisstjórn þegar málið var samþykkt. Hinir umhverfissinnuðu vinstrimenn voru hins vegar í stjórnarandstöðu og höfðu málinu samkvæmt ekki grundvallar ítök til að stýra málum í landinu.

Náttúruverndarsinnar höfðu aldrei sett friðun á jöklum á oddinn. Jöklar voru gerð af svæðum sem náttúruverndarsinnar höfðu aldrei haft áhuga á, enda ekki að sjá að jökulhvel sem taka á sig marga metra af snjó á ári séu í viðkvæmri stöðu og þarfnist verndunar. Þeirra kraftar beindust að svæðum sem þeir töldu að þyrfti að vernda, þar á meðal að vernda gegn virkjanahugmyndum. Sumir náttúruverndarsinnar hafa þess vegna ekki gefið mikið fyrir Vatnajökulspjóðgarð.




Sviðsmýnd úr verðlaunaritgerðinni í Vísbendingu, apríl 1997.

Það var raunar í megin dráttum ekki þörf á að friða þetta svæði til að styrkja náttúruvernd, því að mest af þessu svæði var þá þegar friðlýst. Ellefu friðuð svæði voru þarna fyrir, þar af tveir þjóðgarðar og hið mjög stóra Mývatns- og Laxárvæði sem var friðað með sérlögum, átta friðlönd og náttúruvætti að auki, og einnig ellefu svæði til viðbótar á náttúruminjasrá. Frá þeim sjónarhól var því lítil þörf fyrir þetta. Um 20% jökulsins var friðaður.

Hugmyndirnar um að friðlýsa þetta svæði allt miðaði að því að það yrði öruggara, auðveldara og betur upplýsandi að ferðast um svæðið. Hugmyndin var ekki sú að búa til svæði þar sem væru boð og bönn og fólki gert erfiðara fyrir að skoða svæðið.

Loks voru þetta einnig meðfram tillögur um hugsanlega málamiðlun í hörðum deilumálum sem hafa skekið samfélagið í áratugi og gerir enn í dag. Það voru deilurnar milli náttúruverndarsinna og virkjana- og stóriðjuáhugamanna. Á þessum tímamarki hafði verið frekar rólegt í um tuttugu ár, eða frá þeim tíma sem deilt var um Hrauneyjafossvirkjun á áttunda áratugnum. Því vonaðist Sverrir eftir að óhætt væri að setja fram svona tillögur um Vatnajökul án þess að lenda í miklu mótstreymi. Annað virðist hafa komið á daginn.



Hugleiðing um hvernig bætt ímynd landsins vegna friðlýsts svæðis á Vatnajökli og nágrenni gæti nýst mismunandi geirum atvinnulífs. Unnið fyrir greinina í bókinni Hugmyndir, 1998.

1.4. Friðar- og jafnvægistillögur

Hér kemur annar mjög mikilvægur punktur: Tillögur Sverris um Vatnajökul og nágrenni voru friðarhugmyndir. Það var ekki útaf tilviljun. Í þróun þeirra skoðaði hann kerfisbundið alla mögulega hagsmunaaðila og mátaði þá við tillögur og rök, og mótaði tillögurnar eftir því, þannig að enginn hagsmunaaðili myndi tapa á þessu, en vonandi gætu allir grætt á þessu. Gætt var jafnvægis gagnvart öllum. Þannig voru hliðar skoðaðar og mótaðar sem sneru að ferðapjónustunni, bændum, sveitarfélögum, hjálparsveitum, almannavörnum, lögreglu, matvælaframleiðslu almennt og ríkisvaldinu. En mestu þúðri eyddi hann í að skoða hugsanleg áhrif á virkjana- og stóriðjubransann, mjög miklu þúðri satt að segja, enda ljóst að í þeim bransa myndu ekki allir verða hrifnir af svona máli við fyrstu sýn. Það var annars alls ekki markmið að blanda sér í deilur náttúruverndar- og virkjanasinna.

Niðurstaðan var sú að svona svæði gæti jafnvel komið virkjanabransanum til góða, þar sem svæðið myndi geta skapað heilbriggt mótvægi við virkjanaframkvæmdir, frá sjónarhóli umhverfismála, án þess að það þyrfti að koma í veg fyrir nýjar virkjanir. Þar skipti máli að íshella Vatnajökuls var „dautt“ svæði sem enginn hefði verið að nýta áður. Þar voru engir bithagar, efnisnámur, byggingasvæði eða lónstæði fyrir virkjanir, og því ætti ekki að skipta miklu máli fyrir neinn þó þessi svæði væru friðlýst, þ.e. ef allir væru sæmilega víðsýnir og umburðarlyndir. Hefðbundnir náttúruverndarsinnar höfðu sett margar friðlýsingarhugmyndir á oddinn í áratugi, en alls engin hreyfing var á þeim hugmyndum, og enginn áhugi hjá ríkisstjórnarflokkunum.

Sjálfur var Sverrir hlutlaus og var ekki að skara eld að eigin köku. Sverrir telur að sú staðreynd að þetta voru jafnvæghugmyndir sem tóku tillit til allra hópa og aðila, en voru jafnframt atvinnusköpunarhugmyndir, sé ein megin ástæðan fyrir því afhverju þessi valkostur var samþykktur, og það svona hratt. Þetta þýddi þó ekki að allir hafi sjálfkrafa verið hrifnir, og Sverrir sá vissulega vísbendingar um það. Einmitt vegna þess að þetta voru málamiðlunartillögur þá voru margir hrifnir af þessum valkosti, en hörðustu öfgamenn í báðum herbúðum lítt hrifnir af þessum hugmyndum, og eru sumir enn. Þeir vildu algeran sigur fyrir sig og sín viðhorf, og ekki yrðu þeir sárir ef andstæðingnum væri rutt úr vegi.

Það má nefna að einkennistákn vinnu Sverris var hjól, eins konar logo sem hann hannaði og hafði á forsíðum þeirra ritgerða sem hann sendi frá sér. Þetta hjól var útskýrt svona:

„Á forsíðu þessa bæklingis er mynd af hjóli, sem táknað getur hjól atvinnulífsins eða þjóðlífsins. Má líta svo á að hver geiri þessa hjóls sé táknað fyrir einn af hagsmunaaðilum. Það er „í miðju hjólsins“ sem jöfnust yfirsýn er yfir markmið og þarfir allra aðila. Í tilreiðslu og framsetningu þessara hugmynda reyndi undirritaður að halda sig þar, svo minnst hætta væri á að á einhverja væri hallað. Tilgangurinn var því ekki að setja fram afgerandi afstöðu, heldur grunnhugmynd sem unnt væri að ræða frá öllum hliðum. Að engum dyrum væri lokað. Er vonast til að það hafi tekist sæmilega, jafnframt því að hugmyndirnar séu settar fram með skýrum hætti, svo ekki sé hætta á að verði misskilningur um meginatriðin.“




Núverandi tillögur um þjóðgarð á öllu hálendinu eru, sé málið skoðað, ekki þróaðar með þessari jafnvæghugsun. Þetta eru hugmyndir náttúruverndarsinna. Sverrir er ekki sannfærður um að það verði friðvænlegt í kringum hálendisþjóðgarðinn, eða það taki stuttan tíma og auðvelda vinnu að ná niðurstöðu um skipulag hans. Þó veit maður aldrei, kannski hafa aðstæður breyst. Tilveran kemur manni oft á óvart, en oft ekki.

1.5. Lýðræðisviðhorf og ekki á móti Kárahnjúkaverkefninu

Hér má taka fram, að í deilum um Kárahnjúka þá var Sverrir ekki mótfallinn þeirri framkvæmd eða á móti álverinu. Hann tók engan þátt í mótmælum, enda hafði hann enga ástæðu til. Það hefði verið auðvelt að taka þátt í því. Sverrir var heldur ekki að berjast fyrir Kárahnjúkum eða álveri. Viðhorf Sverris voru virðing við lýðræðið: Ef að ákveðinn hópur vildi sterklega gera eitthvað, til dæmis byggja virkjun sem mengar ekki andrúmsloftið, og byggja upp stóriðju, þá væri alveg þess virði að skoða hvernig mætti uppfylla þær óskir. Og ef einhverjir vildu auka við friðlýsingu á íslenskri náttúru, þá væri líka þess virði að skoða hvernig mætti uppfylla þær óskir. Þegar tveir hópar hafa þessar skoðanir, væri því æskilegt að skoða hvernig mætti uppfylla óskir beggja, þó að kannski myndi ekki vera hægt að uppfylla alveg ýrtrustu óskir beggja, enda gætu málefnið skarast.

Undir þessum áhrifum voru tillögur Sverris um Vatnajökul, og ábendingar um hugsanlegan milliveg. Þetta var virðing fyrir lýðræði, og hinum gullna meðalvegi. Slíkar lausnir er alveg hægt að finna, ef menn eru öfgalausir og sjá kosti beggja leiða. Það er bara lagt í hér og þar, og fórnað hér og þar, og út úr því kemur niðurstaða sem maður bara sættir sig við.

Staðreyndin er hins vegar sú, að þessir hópar sem deila sem hæst eru langt frá því að vera lýðræðissinnaðir. Þeir vilja sína niðurstöðu, þar sem andstæðingnum er jafnvel rutt til hliðar. Þess vegna hafa verið væringar með þessum hópum í áratugi, og eru enn.



Efnisyfirlit yfir höfunda í bókinni *Hugmyndir*, sem kom út í desember 1998.

1.6. Hvað er þjóðgarður?

Hvað er annars þjóðgarður? Einhver kann að segja að þjóðgarður sé landslagið og náttúrufyrirbærin. En skoðum það aðeins betur. Hvað var til staðar áður en þjóðgarðurinn var stofnaður? Voru það ekki þessi náttúrufyrirbæri, landslag, fjöll, jökull, fossar og svo framvegis? Hvað gerðist, hvað breyttist, á því augnabliki sem þjóðgarðurinn var stofnaður? Svárið er að það breyttist nákvæmlega ekki neitt inni á svæðinu. Og hvað myndi breytast ef þjóðgarðurinn væri lagður niður? Svárið er, að nákvæmlega ekkert myndi breytast. Landslagið, náttúrufyrirbærin, væru þau sömu. Svo hvað er þá þjóðgarður, sem verið er að stofna? Svárið er, að þjóðgarður er konsept, safn af hugmyndum, og samningur samfélagsins um það í hvaða ljósi samfélagið ætlar að sjá þetta svæði, og hvernig samfélagið ætli að umgangast svæðið sem er innan marka þjóðgarðsins. Þjóðgarður er hugmynd, í kollinum á mönnum, og sú hugmynd er svo tengd við ákveðið svæði. En svæðið breytist ekkert við það (nema þegar sett eru upp skilti, göngustígar lagðir, vegaslóðar, bílastæði, þjónustuhús og slíkt smálegt, en þau atriði búa ekki til það sem er merkilegt í þjóðgarðinum). Sá sem setur

fram tillögu um svona lagað, sem er nógu vel unnin til að fólk taki eftir, og jafnframt röksemdir sem eru af því tagi að þeir sem ráða og stjórna landinu hafi áhuga á slíku, það má segja að sá aðili sé búinn að móta þjóðgarðinn, sem hugmynd, búinn að skapa og lýsa fyrirbærinu. Það er þar sem fyrsta sköpunin fer fram. Framkvæmdin er svo útfærsla.

1.7. Hvað er verðmætasköpun?

Það að einhver taki upp á því að koma fram með nýjar tillögur til framfara, er í sjálfu sér mjög æskilegt. Ef um er að ræða tillögu til framfara sem enginn hefur talað um áður, tillögu sem svarar tiltölulega nýjum aðstæðum í alþjóðaumhverfinu, þá er það enn betra. Slíkt stuðlar að endurnýjun í umræðunni, og að samfélagið er að halda sér vakandi gagnvart breytingum. Ef tillögurnar eru vandlega rannsakaðar og rökstuddar, og borin er virðing fyrir öllum hugsanlegum hagsmunaaðilum, þá er það enn betra. Það á að vera hægt að setja fram nýjar tillögur án þess að sá sem slíkt gerir verði fyrir tjóni. Ef stjórnvöld ákveða að gera það sem stungið er upp á, og ef enginn annar í sögunni hefur sett fram tillögur um það sem er efnislega það sama, þá fær málið enn meiri sérstöðu. Ef talið er að nýjungin geti skapað verðmæti fyrir samfélagið, þá var þróun tillögunnar verðmætasköpun í sjálfu sér. Að framleiða vöru eða þjónustu til að selja, er verðmætasköpun. En það þróa tillögur að nýjungum sem geta bætt skilyrðin fyrir nýjar vörur eða þjónustu, sem geta gert það auðveldara að markaðssetja slíkt, það er líka verðmætasköpun. Það er ekki bara eitthvað spjall. Að gera slíkt vel kallar á heilmikla vinnu, og vandvirkni, og að gera slíkt getur líka verið áhættusamt. Þetta má hafa í huga.

1.8. Viðbrögð meðan á kynningarvinnu stóð

Kynningarvinna Sverris stóð yfir frá janúar 1995 þegar upphaflegu þrjár blaðgreinarnar birtust með tillögum, og til desember 1998 þegar bókin „Hugmyndir“ kom út. Á tímanum fólst kynningin í fjórum blaðgreinum, þremur heftum með frekari þælingum sem var dreift til rúmlega 100 manns (um 400 bréf alls), þátttöku í tveimur samkeppnum þar sem unnið var til verðlauna í þeim báðum, skrifum í bókina Hugmyndir, viðtali í útvarpi og í Morgunblaðinu (þar sem blaðið birti svo forystugrein daginn eftir til að lýsa yfir stuðningi við tillöguna), og tali á fjórum fundum: Í Norræna húsinu, í MH, á fundi hjá Náttúruverndarsamtökum Íslands, og á fundi með Siv Friðleifsdóttur, þá þingmanni, og hópi fólks sem hún hafði kallað saman. Bréfaskipti áttu sér stað við fáeina aðila, þ.e. svör komu til baka frá fáeinum.

Yfirleitt fannst Sverri að viðbrögð við bréfasendingum væru frekar lítil, en verðlaun, viðtöl, forystugrein, tal á fundum og skrif í bók voru hins vegar strategískt mikilvæg. Það sýndi að raunverulega hafði verið tekið eftir, og tekið undir, tillögurnar og röksemdirnar. Hér er annars dálítið heildaryfirlit yfir viðbrögðin á þessum árum.

Upphaflega átti kynning Sverris að standa í 2-3 vikur og svo ætlaði hann að leggja málið til hliðar. Það átti bara að leyfa öðrum að sjá þetta. En viðbrögð voru slappari en Sverrir vonaðist eftir, en þó fékk hann fremur jákvæð viðbrögð frá einum þingmanni/ráðherra Sjálfstæðisflokksins, sem kom honum á óvart því hann bjóst frekar við viðbrögðum frá þekktum umhverfissinum á þingi, sem þögðu alveg. Einnig fékk hann viðbrögð frá skipulagsstjóra ríkisins. Það varð til þess að hann hélt málinu áfram, skref fyrir skref.

Sverrir fékk bréf frá Landsvirkjun í kjölfar fyrirspurnar hans, í upphafi árs 1996, með persónulegri kveðju frá forstjóra og stjórnarformanni Landsvirkjunar og þökkum fyrir tilskrifin til Sverris, ásamt nokkrum býsna beinskeyttum spurningum sem virkuðu ekki neitt

sérlega vinsamlegar, fannst Sverri. Þessi sending gaf Sverri til kynna, að fyrirtækið hefði engan eða lítinn áhuga á umræðu um friðsaman milliveg.

Sverri var líka boðið að kynna sínar hugmyndir á fundi með Náttúruverndarsamtökum Íslands, sem hann þáði. Viðstaddir sýndu engin viðbrögð og spurðu einskis eftir þá kynningu, utan einn sem kommenteraði og taldi að nálgun Sverris um jafnvægi milli náttúruverndar og orkuframleiðslu væri raunhæfasta og æskilegasta framtíðarstefnan. Sá var reyndar einn af verðlaunahöfum úr samkeppninni Ísland árið 2018. En aðrir á fundinum sögðu ekkert, og Sverrir fékk aldrei viðbrögð frá umhverfisverndarsinum.

Samkvæmt þessu voru þeir sem höfðu mest einbeittar skoðanir á virkjanamálum og náttúruvernd, og voru andstæðingar til langs tíma, frekar lítinn áhuga á tillögum Sverris til málamiðlunar, sem voru meðal annars hugsaðar sem hugsanlegur grunnur að friðsömum millivegi, ásamt því að vera tillögur til atvinnusköpunar fyrst og fremst.

Sverrir fékk líka bréf frá Náttúruverndarráði, þar sem þakkað var fyrir efni sem Sverrir sendi og sagt að fjallað yrði um erindið í ráðinu. En Sverrir heyrði ekki aftur frá Náttúruverndarráði. Spjall við aðila þar gaf ekki til kynna mikinn áhuga.

Sverrir fékk aldrei nein viðbrögð frá eða talaði við neina stjórnámamenn sem voru til vinstri í pólitík. Hann fékk engin viðbrögð frá stjórnámamönnum sem voru fremur þekktir fyrir áhuga á umhverfismálum, þar með talið frá Hjörleifi Guttormssyni, sem setti svo fram þingsályktunartillögu um fjóra jöklaþjóðgarða árið 1998, án þess að Sverrir hefði hugmynd um það. Sú tillaga varð síðan að tillögu um að skoða möguleika á Vatnajökulsþjóðgarði, og var það auðvitað góðra gjalda vert og ekkert út á það að setja. Sverrir hitti Hjörleif einu sinni, á fundinum í MH, og tók í hendina á honum en ekkert var spjallað um málin. Tengsl og samskipti við Hjörleif og aðra til vinstri voru engin.

Sverrir fékk bréf frá Birni Bjarnasyni, þá þingmanni, sem kom meira að segja í eigin persónu heim til Sverris til að stinga bréfinu inn um lúguna. Þetta var árið 1995, eftir blaðagreinarnar þrjár og fyrstu ritgerðina sem hann sendi til rúmlega 100 manns. Það voru einu viðbrögðin sem hann fékk þarna í upphafi árs 1995. Sverri fannst merkilegt að hafa fengið svar frá þessum áhrifamanni í Sjálfstæðisflokknum, um leið og hann fékk engin viðbrögð frá þingmönnum sem voru þekktir fyrir áhuga á umhverfisvernd.

Einn af fundunum þar sem Sverrir talaði árið 1997 var hjá Siv Friðleifsdóttur, alþingismanni, að hennar ósk, en hún var með fólk, einhverskonar „think tank“ á sínum snærum. Sverrir kynnti tillögur og rök, og var góður rómur gerður að. Siv varð svo umhverfisráðherra tveimur árum síðar, sem ekki var ljóst þarna. Með þessu höfðu komið jákvæð viðbrögð frá bæði Sjálfstæðis- og Framsóknarmönnum, sem voru þá í ríkisstjórn.

Helstu viðbrögðin sem segja má að Sverrir hafi fengið voru því frá Sjálfstæðis- og Framsóknarflokkum. Það voru þeir flokkar sem höfðu þingmeirihluta og sátu í ríkisstjórn, sem þýddi auðvitað að þeir réðu því hvort Vatnajökulsþjóðgarður yrði að veruleika. Það voru ekki vinstrisinnar umhverfissinnar í stjórnarandstöðu sem réðu þar ferðinni.

Kafli 2. Sú hlið sem sneri að Alþingi og ríkisstjórn

2.1. Hvaðan komu tillögur til stjórnámálanna?

Þá er eðlilegt að spyrja hvert var raunverulegt, faglegt upphaf þessa máls, sem var samþykkt á Alþingi og í ríkisstjórn? Hvenær og af hverju voru stjórnámálarnir með þá hugmynd fyrir framan sig fyrst, að stofna þarna þjóðgarð? Hvaðan kom hin upprunalega tillaga inn í þjóðmálaumræðuna, og hvers vegna? Hvaða hagsmunahópar, hvaða áhugamannahópar og hvaða stjórnámálaflokkar höfðu rætt um málið og varpað fram vel unnum tillögum og röksemdum um slíkt, opinberlega, í sögunni? Hverjir töluðu þannig að þáverandi ríkisstjórnarflokkar hefðu áhuga á hugmyndafræðinni? Hverjir veittu slíkri hugmynd fyrst viðurkenningu og lýstu yfir stuðningi við hana og hvaða ítök höfðu þeir aðilar í samfélaginu? Og annað mikilvægt, hverjir voru kannski mótfallnir hugmyndinni á sínum tíma og hvers vegna? Að stofna risastóran þjóðgarð, þann stærsta í Vestur-Evrópu, í næsta nágrenni við mjög stóra virkjanamöguleika var í reynd stórpólitískt mál. Þegar málið er skoðað kemur mjög óvenjuleg atburðarás í ljós. Atburðarás sem líklega var einstök í sögunni.



Fáni með merki Vatnajökulsþjóðgarðs dreginn að húni í fyrsta sinn, við athöfnina þegar þjóðgarðurinn var formlega stofnaður, 7. júní 2008. Á athöfninni fór Siv Friðleifsdóttir, fyrrum umhverfisráðherra, í pontu og minntist þar sérstaklega á tvo menn sem hefðu komið að málinu í upphafi en lítið væri talað um. Það voru Hjörleifur Guttormsson, og Sverrir, sem voru báðir viðstaddir á viðburðinum.

Það voru settar fram viðamiklar tillögur um svona. Það leið mjög skammur tími frá fyrstu tillögu og þar til Alþingi samþykkti að skoða málið formlega, eða aðeins fjögur ár. Aðeins einu og hálfu ári eftir það samþykkti ríkisstjórnin svo að stofna þjóðgarðinn. (Að undirbúa stofnun þjóðgarðsins tók svo átta ár til viðbótar). Svo hvaðan kom þetta? Staðreyndin er sú að áður en tillaga um að stofna þjóðgarð þarna, var rædd á vegum ráðamanna, að þá hafði aðeins einn einstaklingur í sögunni sett slíkar tillögur fram þannig að eitthvað kvæði að. Þessi eini

einstaklingur var Sverrir, og hann gerði þetta á meðan hann var nemandi í viðskiptafræðum með áherslu á markaðsmál við Háskóla Íslands. Um aðra umræðu var í raun ekki að ræða, sem sést ef málið er skoðað. Engir stjórnámálflokkar, og engir hagsmunaaðilar eða samtök, ekki einu sinni náttúruverndarsamtök, höfðu sett slíkt fram sjálfir og ekki rætt hann, nema til að ræða um þær tillögur sem Sverrir setti fram. Þó var Sverrir alls ekki þekktur maður, né er. Hans verk var að setja fram faglegar og vandlega rökstuddar, jarðtengdar, tillögur.

Vatnajökulsþjóðgarður, sem upphafstillaga þegar stjórnámálamönnum var gert viðvart að þessi valkostur væri ekki aðeins til staðar heldur væru líka ítarleg rök fyrir að gera þetta, var í upphafi einfaldlega skilgetið höfundarverk, hugverk, Sverris. Ekki aðeins það. Það má leiða rök að því að þetti geti verið stærsta og mögulega efnahagslega verðmætasta mál (samkvæmt opinberum áætlunum þar um) sem einstaklingur hefur þróað og afhent íslenska ríkinu, stjórnámálamönnum og þjóðinni, án eiginlegs endurgjalds. Sverrir var ekki að leggja þetta til af því hann hefði fanatískan áhuga á málinu og væri að berjast fyrir því þannig séð. Þetta var „atvinnuþróunarstrategía“ sett fram til að auðga umræðu, og leyfa öðrum að spá í.

Og hvar fékk málið fyrst brautargengi? Málið, en ekki Sverrir sjálfur, fékk grænt ljós fyrst hjá örfáum einstaklingum sem voru meðal allra mestu áhrifamanna í íslensku samfélagi. Svo fór það þaðan og inn á Alþingi þar sem það var samþykkt, undir þingmeirihluta Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks. En það hafði aldrei átt sér stað veruleg þjóðfélagsmæða um þennan möguleika. Það er hin óvenjulega staðreynd. Alþingismenn komu með lítið nýtt í sinni þingsályktunartillögu, og stjórnámálamenn, eftir samþykkt garðsins, notuðust við hugtök og grundvallarsýn sem var komin beint frá Sverri, en náttúruverndarsinnar höfðu aldrei minnst á.

Það eru aðilar úti í bæ sem vita af og viðurkenna að þessar hugmyndir, sem leiddu stjórnámálamenn að þeirri niðurstöðu að stofna Vatnajökulsþjóðgarð, voru verk Sverris í grunninn. Hér er þó ekki verið að nefna þá mikið, heldur vill Sverrir frekar vísa í sögulegar staðreyndir, sem eiga að geta sannað auðveldlega að þetta hafi verið hans frumkvæði.

En ríkið og stjórnámálamenn hefðu mátt snúa sér til Sverris, höfundar hugmynda, þegar ljóst var að ríkið væri að fara að gera það sem Sverrir lagði til. Spyrja má hvort að verðlaun í hugmyndasamkeppni, með engum nettó launum, sé nægilegt endurgjald fyrir margra ára vinnu, þegar ríkið hefur augljóslega ákveðið að ganga alla leið og taka málið til framkvæmda? Það er ljóst að ekkert var gert til að halda Sverri upplýstum um hvað var verið að gera með tillögur, sem aðeins hann hafði sett fram í sögu landsins. Með tilvísun í jafnræðisreglu má spyrja hvort að þetta hafi verið eðlilegt. Að sumu leiti hefur Sverrir verið hunsaður af ríkinu, eða aðeins fengið lítilsháttar þakkir, á meðan sytri í álinn vegna annarra aðila sem líka höfðu áhuga á þessu svæði.

(Þrátt fyrir orð fyrrum formanns Náttúruverndarráðs, Arnþórs Garðarssonar við Sverri á árunum 2004 til 2005 (sjá síðar), þá hefur Sverrir einnig heyrt ávæning af því að einhvern tíma hafi eitthvað verið skrafað um friðun á Vatnajökli, t.d. að tengja milli þjóðgarðanna í Jökulsárgljúfrum og Skaftafelli. Ekki fann Sverrir nein formleg gögn um það, né vissi Arnþór um það. Ef einhver telur að slík umræða hafi átt sér stað þannig að það hefði haft áhrif, má koma á framfæri skriflegri lýsingu, með nöfnum, stað- og tímasetningum, sem mætti þá bæta í bókina Skrefin að Vatnajökulsþjóðgarði, rafræna útgáfu, ef rétt reynist. Þó er ljóst að umræða árin fyrir ákvörðunina var lítil sem engin utan þess sem hér er nefnt.)

2.2. Hvenær hófst opinber umræða hjá öðrum?

Upphafleg þingsályktunartillaga sem var lögð fram af Hjörleifi Guttormssyni, hörðum vinstrimanni og andstæðingi Sjálfstæðisflokks í ríkisstjórninni, í febrúar 1998 fjallaði um að stofna þjóðgarða á fjórum stórum jöklum á hálendinu. Hún fjallaði ekki um að stofna Vatnajökulsþjóðgarð, þ.e. einblíndi ekki á það svæði. Taka má fram að á 21 árs þingferli Hjörleifs gerðist það aldrei, að mál sem hann setti fram og varðaði umhverfismál væri samþykkt, þegar hann var í stjórnarandstöðu. Og ekkert mál sem hann setti fram á þessu þingi var samþykkt, enda hann í stjórnarandstöðu. Í ljósi þessa, og að hugmyndin um jöklapjóðgarða var eitthvað sem náttúruverndarsamtök höfðu aldrei óskað eftir, verður að segjast, að litlar líkur voru á að óvenjuleg tillaga um fjóra þjóðgarða á jöklum yrði samþykkt.

Ýmsir aðilar í samfélaginu voru beðnir um að gefa tillögu Hjörleifs umsagnir. 32 sendu inn umsögn. Í engri umsögn var fjallað sérstaklega um Vatnajökul. Sumir voru hlyntir þessu, aðrir á móti. Flestar voru stuttar, 3-4 setningar, en Orkustofnun sendi inn 13 blaðsíðna svar þar sem kom fram greinileg andstaða við svona jöklapjóðgarða, og formlega mælt með því að þessi leið væri ekki farin. Af einhverjum ástæðum er engin umsögn frá Landsvirkjun á meðal umsagna, en kannski svaraði Orkustofnun fyrir báða aðila. Eða kannski svaraði Landsvirkjun bara á bakvið tjöldin, munnlega, í umræðu meðal ríkisstjórnarflokkanna.

Eftir um eins árs umfjöllun kom í ljós að ekki var áhugi hjá meirihluta umhverfisnefndar fyrir að stofna fjóra jöklapjóðgarða, og þá kom fram tillagan að Vatnajökulsþjóðgarði. Það er athyglisvert að skoða hvenær sá valkostur að friða Vatnajökul og nágrenni, og aðeins á þeim stað og sleppt öðrum svipuðum valkostum á öðrum jöklum landsins, var fyrst ræddur á opinberum vettvangi, þ.e. af einhverjum öðrum en Sverri sem hafði jú kynnt slíka hugmynd í upphafi árs 1995 og fengið ýmiskonar viðbrögð við eins og sagði frá áður. Staðreyndin er sú að fyrst var hnitmiðað rætt um einungis Vatnajökul á því sem kalla má opinberan vettvang þann 4. febrúar 1999, á fundi hjá umhverfisnefnd Alþingis. Það var þá sem Hjörleifur lagði fram tillögu um Vatnajökul, eftir að fjögurra jökla hugmyndinni hans hafði verið hafnað.

Þetta var skoðað aðeins betur, og á fundi nefndarinnar þann 6. mars var samþykkt að leggja fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um Vatnajökulsþjóðgarð. Tillagan var sett fram af umhverfisnefnd, ekki af Hjörleifi. Þingsályktunartillögunni var dreift til þingmanna þann 9. mars. Daginn eftir, 10. Mars 1999, samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu um Vatnajökulsþjóðgarð. Umræða um málið á Alþingi stóð yfir í 58 mínútur. Meðal ræðutími hvers þingmanns var þrjár og hálf mínúta. Umræðan var hvorki heit né hörð, og var enginn þingmaður sem lýsti andstöðu við málið. Þetta verður að teljast frekar lítil umræða um jafn stórt mál.

Aldrei hefur verið útskýrt af hverju Alþingi og ríkisstjórn höfðu áhuga á að gera þetta á Vatnajökli, í stað einhverra annarra jökla sem Hjörleifur hafði líka lagt til. Til dæmis þjóðgarð á Langjökli, sem er nær Þingvöllum, Suðausturlandi, Vesturlandi og Reykjavík, eða á Mýrdals- og Eyjafjallajökli, sem er nær Þórsmörk, Landmannalaugum og Suðurlandi. Þeir jöklar eru minni og væri því rekstur þjóðgarðs þar ódýrari en á miklu stærri Vatnajökli. Auk þess væru þjóðgarðar þar fjarri Eyjabökkum og Kárahnjúkum, og því ekki hætta á svæðisbundnum árekstrum milli friðunar og hugsanlegra virkjanaframkvæmda. Engar skýringar komu í þingræðum af hverju áhugi var á Vatnajökli og svæðum þar um kring. Og enginn virðist hafa spurt. Þjóðgarðurinn tekur nú yfir um 14% af landinu og er líklega stærsta einstaka skipulagsheildin á Íslandi. Hann er stærri en stærsta sýslan var, sem var Suður-Þingeyjasýsla.

2.3. Hafði verið minnst á einu sinni

Eins og sagði var aðeins einn maður í sögunni sem setti fram ítarlega unnar tillögur og rök opinberlega fyrir svona aðgerð á Vatnajökli, og það var Sverrir. Hér er rétt að tala um, að einu sinni hafði verið gerð tilrauna til að setja fram hugmynd, þar sem Vatnajökull var nefndur. Það var Hjörleifur Guttormsson sem gerði það á Náttúruverndarþingi árið 1993. Undir lok þingsins reyndi hann að leggja fram til umræðu lista yfir svæði á Austurlandi, sem hann lagði til að mætti friðlýsa með einhverjum hætti. Þetta voru 17 svæði, fjölbreyttur listi, og eitt af nöfnunum á listanum var Vatnajökull með skriðjöklum. Þetta var það seint á þinginu að dagskráin var búin, og málið því ekki tekið til umræðu eða atkvæða.

Í staðinn var málið sent til Náttúruverndarráðs til skoðunar, en þar mun það hafa dagað uppi og gleymst alveg, sagði fyrrverandi formaður Náttúruverndarráðs, Arnþór Garðarsson, við Sverri þegar Sverrir ræddi við hann tvisvar, árin 2004 og 2005. Hjörleifur lagði listann ekki fram aftur á næsta Náttúruverndarþingi þar á eftir, sem var árið 1997. Hann var heldur ekki að ræða frekar opinberlega að sjá má um Vatnajökul á næstu árum, virðist vera. Tæknilega séð er því hægt að segja að Hjörleifur hafi verið fyrstur til að ljá máls á því að friða Vatnajökul, á Náttúruverndarþingi 1993, og það er sjálfsagt að hann eigi heiðurinn af því.

2.4. Var þetta alveg sjálfstæð hugdetta?








Þingmenn á Alþingi samþykktu að láta skoða möguleikann á Vatnajökulsþjóðgarði daginn eftir að það hafði verið lagt fyrir alla þingmenn, og aðeins 34 dögum eftir að það hafði verið lagt til í nefnd í fyrsta sinn, formlega. Er hægt að segja að það hafi verið algerlega sjálfstæð hugdetta hjá þeim, og að þeir hafi ekki verið undir neinum áhrifum af þeim tilvikum þar sem tillögum og rökum fyrir slíku hafði verið komið á framfæri áður? Að stefna á að stofna stærsta þjóðgarð Vestur-Evrópu, rétt við hliðina á mjög verðmætum virkjanakostum á hálendinu, er ekki lítið mál. Þarf ekki vandlega rannsakaðar og unnar röksemdir til að Sjálfstæðismenn og Framsóknarmenn telji sig sjá að slíkt sé skynsamlegur kostur? Ákveða alþingismenn slíkt stórmál, bara si svona? Eða er ekki líklegt, að þeir hafi til hliðsjónar hafi verið að gerast í samfélaginu, og hvaða umræða, óskir, kröfur, og hugmyndir hafa verið í umræðunni, þegar slíkt stórmál er ákveðið?

Það er vissulega forvitnilegt að skoða hvaða umræða, tillögur, óskir og annað höfðu verið í umræðunni, næstu árin á undan. Og það er líka forvitnilegt að skoða, hvað af þeirri umræðu hefði getað höfðað svona vel til þeirra flokka, sem voru með meirihluta á þingi og sátu í ríkisstjórn, enda réðu þeir ferðinni í stórum ákvörðunum. Það þarf ekki að hugsa lengi um hvaða umræða hafði átt sér stað hér á landi, enda hefur það verið talið upp nú þegar. Er hægt að segja að ákvörðun þingmanna hafi verið algerlega sjálfsprottin, og þeir hafi ekki verið undir neinum áhrifum frá þeim tillögum? Það er varla hægt að halda því fram. Alþingismenn vinna ekki þannig, að þeir sitji í lokuðum herbergjum, og setji í lög bara það sem þeim dettur í hug á augnablikinu. Þeir eru með mikinn fjölda af allskyns málum á sínum borðum, og tala við fjölda manns daglega til að finna réttu leiðina til að láta málin ganga. Þeir höfðu ekki tíma til að standa í áralöngum rannsóknum, þróun tillagna og röksemda, fyrir því að gera þetta á Vatnajökli, og rétt í námunda við verðmæta virkjanakosti. Tillögurnar og röksemdir fengu þeir fyrst, og fengu þeir nánast aðeins, frá Sverri, ef skoðað er hverjir settu fram slíkt formlega, og opinberlega, á árunum á undan. Þetta er ekki flóknara en það.

Hitt er annað mál að það má vel vera, að það séu aðilar sem vilja ekki samsinna því að alþingismenn hafi fengið ábendingu, tillögur og rök fyrir þessum risastóra valkosti einfaldlega upp í hendurnar frá einum manni, sem í ofanálag var pólitískt ótengdur háskólanemi, ekki

hátt skrifaður í neinum klíkum. Sumir kæra sig kannski kollótta um staðreyndir, þeir vilja að „réttir“ aðilar séu skrifaðir fyrir þessu. Hér er hins vegar óskað eftir því að fólk taki mið af sögulegum staðreyndum, en ekki ríkjandi hugmyndum sem eru byggðar á tengslum, hagsmunum eða misskilningi um staðreyndir. Megin málið sem Sverrir hefur þörf fyrir að vekja athygli á, og fá fram lausn á, snýst reyndar ekki um það hver sé eða sé ekki upphafsmaður þessarar lausnar. Það eru önnur mál sem skýrð verða hér á eftir.

Friðlýsing Vatnajökuls og nágrennis til að stofna Vatnajökulsþjóðgarð
 Þróun málsins 1994-2005 í myndum
 (Fylgiblað með yfirlitsblaðinu "Vatnajökulsþjóðgarður: Þróun málsins" frá október 2005)

	<p>Staðan árið 1994: Friðlýst svæði kringum Vatnajökul.</p> <p>Stóra græna svæðið uppi: Mývatns- og Laxásvæðið Stóra græna svæðið niðri: Skaftafellsþjóðgarður</p> <p>Aldrei hafði verið sett fram formleg, rökstudd tillaga um friðun á Vatnajökli öllum, til að mynda samfellda heild.</p>
	<p>Staðan árið 1994: Friðlýst svæði og önnur svæði.</p> <p>Dökkgræn svæði voru friðuð. Ljósari voru á náttúruminjaskrá.</p> <p>(Ath. að það voru fleiri svæði annars staðar á landinu.)</p>
	<p>Tillögur Sverris Sv. Sigurðarsonar, viðskiptafræðinema, 1995-1998: Útgáfa 1, 1995.</p> <p>(Ath. að samkvæmt alþjóðlega samþykktum reglum var strangt tekið ekki hægt að stofna þjóðgarð á þeim tíma, (sem breyttist með þjóðlendulögum). Sverrir lagði áherslu á mjög nákvæman og skoðheldan mállutning, og talaði því um fólkvang eða friðland, "sem vonandi gæti orðið að þjóðgarði".)</p>
	<p>Tillögur Sverris Sv. Sigurðarsonar, viðskiptafræðinema, 1995-1998: Útgáfa 2, 1995.</p>
	<p>Tillögur Sverris Sv. Sigurðarsonar, viðskiptafræðinema, 1995-1998: Útgáfa 3, 1996.</p> <p>(Frekari vinna við röksemdir 1997-1998 fól ekki í sér nýjar formlegar tillögur á landakorti).</p>
	<p>Tillaga Hjörleifs Guttormssonar alþingismanns um fjóra jöklaþjóðgarða. Lögð fram á Alþingi 3.2. 1998, (þingskjal 727, 406. mál, 122. löggjafarþing 1997-1998). Breytt þingsályktunartillaga, aðeins um þjóðgarð á Vatnajökli, samþykkt 10. mars 1999.</p>
	<p>Vatnajökulsþjóðgarður og stækkaður þjóðgarður í Skaftafelli, endanleg útfærsla stjórnvalda. Samanlögð stærð ca. 15.600 ferkm. Stofnun þjóðgarðs samþykkt á fundi ríkisstjórnarinnar 26. september 2000. Reglugerð um þjóðgarðinn undirrituð 28. október 2004. Vinna að útfærslu þjóðgarðsins samþykkt í ríkisstjórn 25. janúar 2005.</p>

Útbúið af Sverri Sv. Sigurðarsyni, febrúar 2006.

Myndirnar sýna stöðu mála árið 1994, þrjár útgáfur af tillögum Sverris, tillögu Hjörleifs Guttormssonar í hans þingsályktunartillögu, og Vatnajökulsþjóðgarð.

Stundum hefur heyrst sagt að það sé aldrei hægt að segja að hugmynd komi frá einum aðila. Hið rétta er, að stundum er hægt að rekja mál, tillögur sem eru mannanna verk og hugverk, hugmynd, bók eða uppfinningu til eins einstaklings. Það er einfaldlega ekki mál sem margir voru að vinna að. Stundum er hægt að rekja það til nokkurra einstaklinga sem unnu saman, eða köstuðu hugmynd á milli sín, kannski óskipulega í almennri umræðu, án þess að fólk væri að vinna saman á skipulegan hátt. Og stundum er það rétt að það er ekki hægt að rekja nýjung til einhvers eins eða nokkurra, heldur hefur hugmyndin smogið inn í umræðuna, einhvers staðar frá, og enginn gerir sér grein fyrir hvaðan nýjungin kom. Hvenær hvað er hvað fer bara eftir aðstæðum í hverju máli. Í þessu máli var atburðarásin einföld og skýr.

2.5. Hjörleifur hefur ekki sagt rangt frá

Þeirri söguskoðun hefur gjarnan verið haldið á lofti af sumum að Hjörleifur Guttormsson sé upphafsmaður Vatnajökulsþjóðgarðs. Taka má fram að Hjörleifur hefur aldrei sagt neitt sem er beinlínis rangt. En hann og fylgismenn hans hafa heldur ekki verið að segja söguna alla, þegar honum hefur verið hrósað fyrir hans hlut í málinu. Það er auðvitað rétt að hann var upphafsmaður hins pólitíska máls inni á Alþingi, sem endaði á ákvörðuninni um að stofna þjóðgarðinn. Það var að sjálfsögðu hið ágætasta mál, enda æskilegt að einhver bæri málið upp á Alþingi og fáir eins góðir í það eins og Hjörleifur sem hafði stundað þar ferðir og vísindarannsóknir á náttúrufari. Ef málið hefði aldrei komið fram á Alþingi er minna líklegt að þjóðgarðurinn hefði orðið að veruleika. Það er hins vegar nokkuð ljóst að ekki, eða varla, var Hjörleifur upphafsmaður að málinu sjálfu, hugmyndinni og röksemdum, í opinberri umræðu. Áhrifamenn voru farnir að velta fyrir sér þeim möguleika að friðlýsa Vatnajökul meira en þremur árum áður en Hjörleifur setti sína tillögu fram, og standa í bréfaskriftum við Sverri. Andstætt Hjörleifi og félögum hans hefur Sverrir reynt að segja söguna alla. Það að pólitíkusinn Hjörleifur og hans félagar hafi nálgast umræðu á þennan hátt er dálítið kúnstugt finnst Sverri, og alls ekki æskilegt. Þetta var hins vegar ekki það versta í þessum málum.

2.6. Vatnajökulsþjóðgarður var mótvægi við Kárahnjúkavirkjun

Hér skal tekið dálítið fram dálítið sem skiptir máli, pólitískt og strategískt séð. Sverrir hefur heyrt frá fólki sem var virkt í þessum málum þegar stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs var ákveðin, að fólki var sagt það beint út að stofnun þessa stóra þjóðgarðs væri í beinum tengslum við byggingu Kárahnjúkavirkjunar og álvers Alcoa á Reyðarfirði. Það var sagt að þjóðgarðurinn væri ekki stofnaður nema til mótvægis við, og vegna þess, að á sama tíma var verið að byggja Kárahnjúkavirkjun og álverið. Ráðamenn hefðu séð það þannig, að virkjun og álver mætti betur réttlæta með því að stofna þjóðgarð um leið, og að grænt ljós hefði verið gefið á stofnun þjóðgarðsins þar sem það myndi koma sér vel fyrir stóriðjuverkefni stóra. Með stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs væri verið að sinna náttúruvernd myndarlega um leið og farið væri í stóriðjuverkefni. Þetta hefur líka komið fram í máli þingmanna, til dæmis í máli Össurar Skarphéðinssonar, þá iðnaðarráðherra, á Alþingi þann 5. desember 2007, hjá Róbert Marshall á Alþingi þann 14. október 2014, og í máli Helga Hjörvar á Alþingi þann 6. september 2016. Eflaust eru fleiri sem geta tekið undir þessa skoðun.

Hver skyldi hafa sett fram þá kenningu, að hægt væri að fara í virkjun og stórtæka náttúruvernd á sama tíma, og að stóriðjuverkefni gætu beinlínis haft hag af stofnun stórs friðaðs svæðis eða þjóðgarðs? Voru það stjórnámamenn sem létu sér detta það í hug fyrst? Nei, tillagan, eða kenningin, sem opnaði augu ráðamanna að slík „win-win situation“ gæti verið fyrir hendi kom líklega fyrst frá Sverri. Það var Sverrir sem gerði það, í þriðju ritgerðinni „Um sæstreng“ frá nóvember árið 1995, kaflinn „Leið til úrbóta.“ Þaðan fór sú þæling inn í

Samkeppnistillöguna í samkeppninni Ísland árið 2018, sem Sverrir kynnti svo á málþinginu í Norræna húsinu í janúar 1997. Um þessar tillögur fjallaði Morgunblaðið svo í forystugrein síðar í sama mánuði. Það þarf því ekki að velta vöngum yfir því hvort að þetta hafi vakið eftirtekt. Engin gögn eru til um að annar hafði nokkru sinni talað um slíkt mögulegt samband. Það var því Sverrir sem sá það út, og kom á framfæri þeirri rannsóknar- og þróunarvinnu sem leiddi af sér þá kenningu.

Ráðamenn gerðu sér því margir hverjir grein fyrir að það að stofna Vatnajökulsþjóðgarð var beinlínis aðgerð sem tengdist beint ráðagerðum um að byggja Kárahnjúkavirkjun og álver á Reyðarfirði. Sumir ráðamenn vissu fullvel hvaðan þessi kenning, þessi tillaga, kom, en ekkert var talað við þennan kenningasmið. En um leið voru eflaust margir á Alþingi sem vissu það ekki, og héldu að þetta væri byggt á tillögu frá Hjörleifi Guttormssyni. Margir halda það, eða hafa haldið það, enn í dag, og mörgum finnst henta vel að halda því fram.

Þegar rætt er um mjög stórt mál eins og Vatnajökulsþjóðgarð er augljóst að það er ekki nóg að varpa bara fram hugmynd um slíkt. Slíkt geta allir gert, í heita pottinum eða hvar sem er. Að þarf að gera það þannig að eftir sé tekið, og röksemdir þurfa að vera fyrir því að þetta væri jákvæður kostur, sem eru af því tagi að þeir sem ráða á stjórnarheimilinu hafi áhuga á málinu. Það er í meira lagi óvenjulegt að Sjálfstæðisflokkurinn hafi haft áhuga á að stofna svona stórt friðlýst náttúruverndarsvæði þétt upp við verðmæta virkjanakosti, á sama tíma og áhrifamikil öfl í flokknum höfðu áhuga á að fara í virkjanaframkvæmdir þar, við Eyjabakka og síðar Kárahnjúka. Þessi áhrifamiklu öfl voru í hörðum deilum við náttúruverndarsinna sem reyndu að stöðva virkjanaframkvæmdir, enda vildu þeir frekar að svæðin yrðu friðlýst náttúruverndarsvæði. Það sýnir að röksemdirnar fyrir stofnun þjóðgarðs á Vatnajökli, og fyrir því að náttúruvernd af því tagi og virkjanaáform gætu jafnvel búið hlið við hlið, var mjög óvenjuleg. Þetta voru ekki röksemdir sem mátti búast við frá náttúruverndarsinum, né frá virkjanasinum. Það þurfti alveg nýja hugsun þarna.

2.7. Gerðu einhver sér grein fyrir framlagi Sverris?

Voru einhver á þessum tíma sem vissu af þætti Sverris í að leggja grunninn að Vatnajökulsþjóðgarði, sem stofnaður var formlega árið 2008? Jú það voru fáein sem vissu af því, en flestir vissu lítið eða höfðu engan áhuga á því. Hér eru helstu viðbrögð sem má nefna: Árið 2013 skrifaði Siv Friðleifsdóttir þessa athugasemd við færslu á Facebook um bókina:

“Frábær samantekt hjá þér, Sverrir Sveinn, um aðdragandann að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs og þitt brautryðjendaverk í því sambandi. Miklu veldur sá er upphafinu veldur. Ég hef einmitt tekið eftir því að þinn hlutur hefur farið fram hjá mjög mörgum. Hugmyndir þínar voru svo stórhuga, framsæknar og vel unnar, að þær opnuðu mín augu á sínum tíma fyrir þeim stórkostlegu tækifærum sem felast í Vatnajökulsþjóðgarði. Takk fyrir að hafa komið þeim á framfæri árin 1994-1998. Þær lögðu grunninn. Kveðja, Siv Friðleifsdóttir.”

Einnig var Sverrir á fundi hjá Rotaryklúbbi Garðabæjar, þar sem þáverandi umhverfisráðherra Sigríður Anna Þórðardóttir hélt tölu um sín störf. Hún þakkaði Sverri sérstaklega fyrir hans framlag, og sagði að hann hefði átt upphafið að Vatnajökulsþjóðgarði.

Eins má nefna að Sverrir ræddi við Ómar Ragnarsson árið 2004, og sagðist hann hafa fengið fyrirspurn um Vatnajökulsþjóðgarð frá fjölmiðli. Ómar benti þeim á að tala við Sverri, þar sem Sverrir væri sannarlega sjálfur upphafsmaðurinn að þjóðgarðinum, en fjölmiðillinn vildi ekki tala við Sverri því hann var ekki frægur, eða var ekki fulltrúi þekktra hagsmunaaðila.

2.8. Bók með öllum sögulegum gögnum

Árið 2013 ákvað Sverrir að taka saman gögn um alla umræðu og allar tillögur um friðun Vatnajökuls og nágrennis, sem komu fram opinberlega áður en málið var samþykkt af Alþingi og ríkisstjórn. * Einnig er í bókinni lýsing á atburðarásinni, meðfram því að gögnin voru sett fram. Í bókinni eiga að vera framlög allra sem lögðu orð í belg. Tilgangurinn var að á einum stað væri hægt að nálgast þessi gögn svo þau gleymdust ekki. Ljóst var að fáir voru að velja þessu fyrir sér. Þannig gætu sagnfræðingar framtíðarinnar og aðrir áhugasamir nálgast þetta efni. Þessi bók er ekki áróðursrit, heldur á að vera vönduð, nákvæm, ítarleg og hlutlaus samantekt. Hins vegar er það auðvitað staðreynd að um 90% af því efni sem sett var fram um þetta, áður en málið kom til kasta Alþingis, var sett saman og sett fram af Sverri.



Forsíða bókarinnar Skrefin að Vatnajökulspjóðgarði.

Bókina **'Skrefin að Vatnajökulspjóðgarði'** má fá á mörgum bókasöfnum, og einnig hlaða niður frítt í PDF formi. Bókin er 282 blaðsíður að stærð, en í bókinni og á vefnum er líka 2-3 blaðsíðna stutt yfirlit sögunnar, svo lesandi getur kynnt sér aðeins söguna. Einnig er farið í saumana á þessu í myndskreiði sem Sverrir bjó til. Bókin á að vera samantekt allra upplýsinga um alla umræðu varðandi Vatnajökul í þessu friðunarsamhengi, sem átti sér stað um þessi mál áður en málið komst til kasta Alþingis og ríkisstjórnar. Engum mótmælum hefur verið hreyft við því sem er í bókinni. Ef einhver telur að í bókina vanti efni, og getur lagt fram söguleg, sannanleg gögn, þá getur viðkomandi haft samband. Bókina má nálgast á vefnum www.sverrir.info, íslenska hlutanum. Þar er líka margt annað efni, t.d. líka yfirlit þess sem Sverrir var að gera eftir að stofnun þjóðgarðsins var samþykkt og til dagsins í dag, og fleira, en einhver hefur gaman af að grúska.

* Eins og sagði, þá var stefnt að því að bókin *Skrefin að Vatnajökulsþjóðgarði* innihéldi öll gögn og yfirlit allrar umræðu. Það er að vísu eitt sem er ekki í bókinni, en það eru umsagnir 32 aðila við upprunalegu fjögurra jöklaþjóðgarða tillöguna. Auðvelt er að bæta henni við, í rafrænum viðauka, en frum gögnin eru hjá skjalasafni Alþingis, og Sverrir með ljósrít.

2.9. Mótmælendur setji fram gögn

Það er lítil vafi á því að einhverjir munu eiga erfitt með að samþykkja að óbreyttur námsmaður hafi á sínum tíma verið upphafsmaðurinn að því að benda á þennan valkost, og að þróa röksemdir sem ríkisstjórnarmeirihlutinn hafði áhuga á að samþykkja. Sú saga hefur verið lífseig að Hjörleifur Guttormsson hafi verið upphafsmaður þessarar hugmyndar. Væri það rétt, hvornig gat það þá verið að áhrifamenn voru búnir að lýsa yfir áhuga á þessari hugmynd, og ríkið var búið að verðlauna hugmyndina, löngu áður en Hjörleifur setti fram sína tillögu? Hann setti fram tillögu á Alþingi, það er rétt. En það var varla hann sem kveikti grænt ljós hjá hans pólitísku andstæðingum, sem sátu í ríkisstjórn.

Bókin *Skrefin að Vatnajökulsþjóðgarði* á að innihalda allar formlegar, opinberar tillögur sem komu fram um þetta, áður en málið komst til kasta Alþingis. Ef einhver vill halda því fram að það hafi verið aðrar tillögur, önnur rök, sem hafi orðið til þess að það var áhugi á að samþykkja þessa lausn hjá þeim flokkum sem voru í þingmeirihluta, þá er hér með kallað eftir því að viðkomandi leggi fram söguleg gögn sem sýni hvaða tillögur það voru, hvar og hvenær það var lagt fram, og sýni fram á að þær tillögur hafi fengið jákvæðar undirtektir í aðdraganda þessa máls. Sverrir gerir ekki ráð fyrir að mikið komi út úr því.

Það getur verið að einhverjir eigi erfitt með að samþykkja þetta. Þjóðgarðsmálið er glæsilegt, og sumir stjórnámamenn og embættismenn vilja að "réttir" aðilar njóti þess. Margur vildi Lilju kveðið hafa. En málið er að það eru tilteknir persónuleikar sem eru líklegir til að fá svona hugmynd, brjóta heilann lengi um þær, og setja fram tillögur sem aðrir geta svo skoðað. Samfélagið, og þeir sem vilja njóta góðs af þessu máli, eru ekki fátækari, heldur ríkari, ef viðkomandi búa í landi þar sem slíka einstaklinga er að finna, sem hafa fundið hvatann til að þróa svona hugmynd og setja fram. Það getur margborgað sig að ræða við hinn upprunalega höfund. Þeir sem taka við svona máli og samþykkja það og framkvæma, eru ekki þeir sem veltu fyrir sér tíu atriðum til að finna þetta eina atriði sem gat virkað. Sá sem er hinn raunverulegi höfundur lausnarinnar getur komið með nýjar hliðar, nýja sýn á málið.

Kafla 3: Það sem við tók

3.1. Hvað tók við hjá tillögusmið?

Sverrir var í mjög óvenjulegri stöðu við lok náms. Háskólanemar eru almennt ekki að vinna að sértækum málum sem varða þjóðarhag. Þeir stunda sitt nám, í rólegheitum, en eru kannski í stúdentapólitík. Henry Kissinger sagði að stúdentapólitík er svo hatrömm vegna þess að hún skiptir engu máli. Ef háskólanemi skrifar blaðgrein fer samfélagið venjulega ekki á hliðina. Og flestum finnst ágætt, en stendur á sama ef háskólanemi vinnur í samkeppni. Þegar Sverrir var að útskrifast var hann hins vegar í þeirri stöðu að hann hafði þróað og kynnt mál sem var raunverulega á leið inni í hringið stórmála í þjóðlífinu. Hann vissi hins vegar lítið um það sjálfur. Sumir af helstu áhrifamönnum samfélagsins vissu um það mál, höfðu kannski ýmiskonar skoðanir á málinu, og vissu að Sverrir hefði staðið fyrir því.

Þessir aðilar áttu þó ekki í miklum samskiptum við Sverri, eða engum samskiptum, enda var Sverrir bara háskólanemi með lítil tengsl sem var lítið að koma sjálfum sér á framfæri, og ekki með neina þungavíkt á neinn hátt. Það er satt að segja ekki endilega gott fyrir venjulegan háskólastúdent að fólk af þessu kalíber hafi yfirhöfuð nokkra þekkingu eða skoðun á því sem háskólastúdentinn, áhrifalaus með öllu og tengslalítill, hefur staðið fyrir. Líklega voru skiptar skoðanir um svo risastóra friðlýsingu, enda náttúruvernd fjarri því að vera vinsæl á öllum vígstöðvum. Sverrir og hans verk voru því ekki óskrifað blað, „tabula rasa“, þegar hann útskrifaðist. Flestir eru það við útskrift úr háskóla, og hafa enn ekki náð að eignast sérstaka óvini, enda tekið lítinn þátt í þjóðlífinu sem slíku.

Það var ljóst að sumir höfðu ekki fullan skilning á því hvernig tillögur þetta væru, og tengdu þetta við hefðbundinn málflutning náttúruverndarsinna, sem Sverrir tilheyrði þó alls ekki. Þegar hann byrjaði að þróa sínar hugmyndir og ákvað að koma þeim á framfæri, þá hafði verið frekar friðsamt milli náttúruverndarsinna og virkjanasinna um nokkra hríð. En þarna, þegar Sverrir var að útskrifast, voru heldur betur blikur á lofti.

3.2. Gerði ýmislegt áhugavert með námi

Hér er fyrst rétt að tæpa á hver staða Sverris var þegar hann útskrifaðist, og hvað hann hafði verið að fást við í náminu og meðfram því. Það var nokkuð merkilegt. Þetta var að hann þróaði og setti fram sínar tillögur og röksemdir um Vatnajökul, skrifaði greinar og ritgerðir, vann til verðlauna í samkeppnum, fékk leiðara í Mogganum, talaði á fundum og skrifaði grein í bókina, eins og fjallað er um hér á undan, sem lesandinn má rifja upp.

Taka má fram að Sverrir átti ekki í deilum eða kvabbi við neinn í Háskólanum. Hann var ekki að ónáða fólk með sínum hugmyndum. Staðreyndin er sú að þeim árum var náttúruvernd ekki vinsæl alls staðar, og sérstaklega ekki í viðskiptalífinu og í viðskiptadeild H.Í. Hugmyndir Sverris um að friða stórt svæði til að bæta ímynd landsins voru frumlegar, og líklega of óvenjulegar fyrir margna. Margir skildu þetta eflaust ekki, og sumir virtust ekki vinsamlegir. Sverrir ákvað því að láta lítið á þessu bera. Hann var tilbúinn að ræða málið við þau sem höfðu á því áhuga, en það voru fáir. Nánar tiltekið, engir samnemendur og aðeins tveir prófessorar, stuttlega. Hann reyndi líka tvisvar að bera málið upp við tvo aðra prófessora þegar hann hafði unnið til verðlauna og fleira, en þeir höfðu engan áhuga á að spjalla.

Fyrir utan það að setja fram Vatnajökulshugmyndir gerði hann ýmislegt fleira. Hann var markaðsstjóri og stjórnarformaður nemendafyrirtækisins Hástoðar við Háskóla Íslands sem er hluti af alþjóðlegu samstarfi, European Junior Enterprises, og hann var líka varaforseti viðskiptafélags JCC (Junior Chamber of Commerce) Höfða. Hann hafði einnig unnið að skipulagsverkefni fyrir háskólann í heild sinni, þar sem hann skipulagði framlagningu kennslukönnunar í öllum deildum háskólans. Einnig unnið hönnunarverk (hannað útlit) fyrir vefsvæði viðskipta- og hagfræðideildar, félagsvísindadeildar, og Hagfræðistofnunar H.Í., sem voru í notkun um nokkurn tíma, allt með góðum og gallalausum árangri. Auk þess keppti hann í ræðumennsku með liði viðskiptafræðinema gegn liði laganema við H.Í. Þar til viðbótar var hann örlítið að aðstoða AIESEC varðandi Framadaga, það var smá hönnunarverk. Almennt tók hann þó ekki mikinn þátt í félagslífi viðskiptafræðinema, enda mest upptekinn við annað. Eftir þetta útskrifaðist hann svo sem viðskiptafræðingur Cand. Oecon. af markaðssviði með fyrstu einkunn, 7,5 í meðaleinkunn. Því má bæta við að árið 1997 gekk hann í Sjálfstæðisflokkinn.

Þannig var, að þegar Sverrir var að útskrifast þá var hann enginn auli. Einhver myndi eflaust segja, að þarna hafi verið á ferð nokkuð efnilegur ungur, nýútskrifaður viðskiptafræðingur,

sem ætti að geta byggt upp þokkalega árangursríkan starfsferil eftir nám. Tekið skal fram að Sverrir hefði líklega ekki náð „toppstöðu“ hjá stóru, ráðsettu fyrirtæki, en hann átti að geta lagt góða hönd á plóg. Á þessum tíma var vinnumarkaður hagstæður fyrir viðskiptafræðinga.

3.3. Alþingi að vinna að málum

Það voru hlutir að gerast um þessar mundir sem Sverrir vissi ekkert um. Það kann að virðast einkennilegt að hann vissi ekki hvað var í gangi. Það sem var að gerast var innan dyra á Alþingi, og í ráðuneyti, vakti litla athygli í þjóðfélaginu, og enginn hafði sagt honum frá. Hann hafði sent frá sér ýmislegt skriflegt, hann hafði fengið verðlaun og hann talaði á nokkrum fundum þar sem hann var beðinn að koma, en það var mest 2-5 árum áður. Hann var einfaldlega hættur að vinna í þessu. Þannig var, að þingsályktunartillagan um fjóra jöklaþjóðgarða var tekin til umræðu á Alþingi án þess að Sverrir hefði hugmynd um það. Og þingsályktunartillagan um Vatnajökulsþjóðgarð var samþykkt án þess að Sverrir yrði þess var.


Enginn þingmaður sá ástæðu til að hafa samband við hann, og enginn annar minntist á. Á meðal þeirra stjórnámálanna sem tóku þátt í að vinna þingsályktunartillöguna og samþykkja málið á Alþingi voru pottþétt sumir sem gerðu sér vel grein fyrir hvaðan upprunalega, faglega tillagan kom. Þeir gerðu sér grein fyrir hvar þeir heyrðu um þetta fyrst, enda höfðu sumir þeirra hlýtt á mál Sverris á fleiri en einum fjölmenum fundi, auk þess að hafa fengið bréfasendingar nokkrum sinnum, og eflaust lesið forystugrein Morgunblaðsins. Svo voru aðrir stjórnámálamenn sem fylgdu bara með og samþykktu málið af því að það var flokkslínan, og þeir vissu eflaust ekkert um hvaðan þessi hugmynd kom fyrst.

Stjórnámálamenn töluðu bara við hefðbundna hagsmunaaðila til að fá umsagnir við fjögurra jöklaþjóðgarða tillöguna, félög, stofnanir, sveitarfélög og slíka. Og þegar allt í einu var skipt yfir í að stefna aðeins á Vatnajökul, þá virðast þeir ekki hafa talað við neinn opinberan aðila. Það var bara ákveðið.

Í september 2000 samþykkti ríkisstjórnin að Vatnajökulsþjóðgarður skyldi stofnaður. Sverri brá býsna mikið þegar hann las allt í einu í blöðunum um ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Honum var ljóst að þarna var verið að samþykkja hlut sem var að mestu sá sami og hann hafði talað um árin á undan. En hann vissi ekkert um að þetta væri í bígerð. Um nokkurra ára skeið var honum sagt, að í gegnum tíðina hefðu fleiri en hann verið að tala um Vatnajökul, í samhengi friðlýsingar, opinberlega. Hann taldi víst að einhverjir hefðu verið að minnast á þetta, áður en hann kom fram með sínar tillögur. Hann var því ekki viss um á þeim tíma að hans hlutdeild hefði verið einstök.

3.4. Hinar miklu deilur um virkjanaf framkvæmdir

Þegar Sverrir útskrifaðist var ekki aðeins Alþingi að ræða um það hvort ætti að skoða vandlega möguleika á nýjum þjóðgöörðum á hálendinu. Þá voru líka að hefjast deilur um Eyjabakka. Mjög skiptar skoðanir voru um hvernig ætti að nálgast verkefni á Eyjabökkum. Meðal annars var deilt um hvort þyrfti að gera umhverfismat aftur, og voru skoðanir skiptar þvert á flokka. Ári síðar, á fyrri hluta árs 2000, voru áform um Eyjabakka lögð til hliðar, en stefnan tekin á Kárahnjúka. Í heildina varð Kárahnjúkaverkefnið verkefnið ásamt álveri upp á þrjú milljarða dollara, og var langstærsta verkefni sögunnar. Á tíma þar sem ekki var víst hvaða verktakar myndu vinna við þetta stórverk er öruggt að margir hugðu gott til glóðarinnar með verðmæt verkefni gætu verið framundan, og að þeir aðilar hefðu ekki áhuga á neinu því sem gæti staðið í vegi fyrir því.



Hve oft komu fréttir eða greinar sem innihéldu orðin „Eyjabakkar“ og „Kárahnjúkar“ fyrir í Morgunblaðinu frá 1993 til 2005, en það er ákveðinn mælikvarði á umfang umræðunnar.

Deilur náttúruverndarsinna (sem Sverrir tók engan þátt í) og virkjanasinna voru ekki eitthvert spjall sem engu máli skiptu. Þarna var tekist á um mikla hagsmuni. Sem dæmi má nefna, að Landsvirkjun kynnti ákveðna nálgun um hvernig mætti byggja stíflu og virkja hjá Eyjabökkum. Venjulega voru náttúruverndarsinnar á móti flestu slíku, en að þessu sinni komu fram gagnhugmyndir. Það var stungið upp á annarri útfærslu, til að vernda varpsvæði gæsa, og nokkur græn svæði. Ekki aðeins þýddi þessi útfærsla að orkuframleiðslugeta minnkaði talsvert, heldur hoppaði kostnaður við verkefnið upp um sirka hálfan milljarð dollara á þess tíma verðlagi. Það má ímynda sér að þeir hjá Landsvirkjun hafi verið hrifnir.

Á sama tíma var ríkisstjórnin að samþykkja stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs, sem hún gerði í september árið 2000. Þó að einherjir í virkjanabransanum hafi kannski verið hrifnir af þjóðgarðinum, enda voru þær hugmyndir sem settar höfðu verið fram málamiðlunartillögur sem tóku tillit til allra, þá grunar Sverri sterklega að einhverjir hafi ekki verið hrifnir af svo stórtæku náttúruverndarverkefni. Hugsanlega reitti þetta einhverja til reiði, enda þeir vanari því að náttúruverndarhugmyndir kæmu aðallega frá vinstrihöfðingjum, og að Sjálfstæðismenn væru sjálfkrafa áhugalausir um þær. Virkjanabransinn gat nokkurn veginn gengið að því vísu að ekki væri áhugi á náttúruvernd. En þarna voru allt í einu áhrifamenn áhugasamir um risastórt náttúruverndarsvæði, nýjan þjóðgarð fast upp við verðmæta virkjanakosti. Og það var ekki erfitt að rekja hvaðan tillögur um þjóðgarðinn komu.

Taka má fram að hér er ekki verið að segja að allir sem koma að þessari starfsemi hafi verið andsnúnir þjóðgarðshugmyndum, í látunum miðjum. Það gátu líka verið víðsýnir og grandvarir einstaklingar hjá virkjana- og stóriðjufyrirtækjum sem myndu ekki teljast tilheyrja þessum harða kjarna. Fyrsti vinnustaður föður Sverris, heitins, sem var verkfræðingur var til dæmis raforkumálaskrifstofa atvinnumálaráðuneytisins, sem var forveri Orkustofnunar, en starfsvettvangur hans varð svo annars staðar. Það var aldrei neikvæð afstaða til orkugeirans í fjölskyldu Sverris. Faðir Sverris átti vini þarna, og þannig gat Sverrir hlerað. Fyrsta verkefni föður Sverris sem ungs verkfræðings var að forhanna stíflu fyrir virkjun á Jökulsá á Fjöllum, sem nú er hluti Vatnajökulsþjóðgarðs. Það fannst Sverri dálítið kúnstug tenging. Verkefni föður Sverris varð ekki að veruleika. Hugmyndin sem Sverrir kynnti var hins vegar það góð,

og það vel unnin, að stjórnámálemenn sem voru hrifnir af þessum tveimur „strategíum“ gátu gengið beint í að samþykkja þetta.

3.5. Mikil verðmæti fyrirsjáanleg

Í upphafi árs 2004 komu fram upplýsingar sem honum brá í brún yfir. Í blöðunum komu fréttir af því að umhverfisráðuneytið hefði látið meta það, hve mikil aukning á gjaldeyristekjum gæti orðið vegna Vatnajökulsþjóðgarðs. Svona matsgerðir eru alls ekki taldar nákvæmar, en þær gefa vísbendingar, og þetta var faglega unnið. Samkvæmt matinu þá gæti þjóðgarður sem næði yfir allan Vatnajökul leitt af sér auknar gjaldeyristekjur af ferðamönnum sem næmi 3-4 milljörðum króna umfram það sem hefði orðið án hans. Nokkru síðar gætu gjaldeyristekjur orðið 11-13 milljörðum króna hærra en ella hefði orðið. Lægri talan 3-4 á verðlagi ársins 2004 væri um 6,8 milljarðar króna á verðlagi ársins 2018. Hærra talan, 12 milljarðar (meðaltal 11-13) á verðlagi 2004 væri um 24 milljarðar á verðlagi 2018.

Þá fór Sverrir að hugsa hver hefði í raun verið uppruni þeirra hugmynda, sem lágu að baki ákvörðun Alþingis og ríkisstjórnar um að stofna þennan þjóðgarð? Hvaðan kom þetta eiginlega, svona nákvæmlega? Sverrir talaði tvisvar við Arnþór Garðarsson, fyrrum formann Náttúruverndarráðs, á árunum 2004 og 2005 og þar kom sannleikurinn fram. Formaðurinn tjáði Sverri, að enginn annar hefði í sögunni verið að tala formlega um Vatnajökul í því samhengi sem Sverrir hafði gert. Það var einfaldlega rangt að aðrir hefðu verið að tala um þetta opinberlega og ítarlega. Þar varð Sverri loks ljóst, að aðeins hann gat verið hinn faglegi upphafsmaður að hugmyndinni að Vatnajökulsþjóðgarði, þ.e. sá sem sá út tækifærið og benti öðrum á. Þjóðgarðurinn var því, sem fagleg upphafstillaga, hans hugmynd. Sverrir átti tæknilegt upphaf að því að setja fram tillögur og röksemdir að Vatnajökulsþjóðgarði, sem ríkisstjórnarflokkar voru áhugasamur um, en slíkt hefðu vinstrisinnaðir náttúruverndarsinnar seint getað gert, enda í stjórnarandstöðu sem yfirleitt hefur ekki grundvallaráhrif.

3.6. Mjög áhugaverðar spár

Verandi viðskiptafræðingur sá Sverrir fljótt að þjóðgarðurinn gæti átt eftir að skila gríðarlegum tekjum inn í samfélagið, og miklum skatttekjum til ríkisins. Tölurnar um auknar gjaldeyristekjur segja ekki alla söguna, því þær tekjur velta áfram gegnum hagkerfið og valda á endanum meiri veltuaukningu vegna þess sem kallast margfeldisáhrif eða economic multiplier. Samgönguráðuneytið hafði látið meta þessi áhrif fyrir ferðaþjónustu, og margfeldið var áætlað 4. Hugsanleg aukning gjaldeyristekna skyldi því margfalda með fjórum. 6,8 milljarða króna á ári á verðlagi 2018 (sem er lægri talan í ofangreindu mati), myndi valda veltuaukningu upp á um 27 milljarða. Slík aukning myndi því gefa ríkissjóði um 8 milljarða króna í auknar skatttekjur, og sveitarfélög fengju um 2,7 milljarða króna í auknar útsvarstekjur. Þessi upphæð, 8 milljarðar, myndi duga til að borga um 60% af kostnaði ríkissjóðs við Háskóla Íslands. Eða, að talan myndi akkúrat nægja til að borga öll fjárframlög til allra annarra háskóla á Íslandi, eins og tölurnar eru í Ríkisreikningi fyrir 2017. Hærra talan í matinu myndi svo auðvitað leiða af sér enn hærra tölur. Ef hærra talan væri raunhæf þá gæti hún gefið af sér auknar skatttekjur sem myndu nægja til að borga allt framlag úr ríkissjóði til landbúnaðar, sjávarútvegs, ferðaþjónustu, orkumála, og kostnað við rekstur allra dómstóla landsins. Ef til væri fyrirtæki sem skilaði þessum árangri má búast við að hagnaður slíks fyrirtækis gæti numið um 700 til 2.400 milljónum króna á ári. Það mætti búast við að fyrirtæki með slíkan árangur væri metið á um 10-30 milljarða króna á hlutabréfamarkaði.

Allt þetta var ekkert smáræði. Þjóðgarðurinn var framtíðarfyrirbæri, sem gæti staðið út öldina. Hann var ekki skammtíma framkvæmdir sem kæmu í skamman tíma með innspýtingu inn í efnahagslífið, og svo væri það búið.

Tekið skal fram að svona áætlanir um tekjur af þjóðgörðum eru jafnan taldar mjög ónákvæmar, en þetta faglega unna mat gefur vísbendingar sem eru þær bestu sem voru í boði. Þetta er ágætt að taka fram, því einhverjir munu örugglega þrasa um að fyrst svona áætlanir séu ekki hárnákvæmar þá sé alls ekkert að marka þær og eigi ekki að spá í þeim á nokkurn hátt. Hér eru bara vísbendingar á ferð, skal aftur tekið fram. Ef niðurstaða á endanum, eftir all mörg ár, yrði einhversstaðar á milli þessara tveggja talna sem voru áætlaðar, þ.e. 3-4 milljarðar og 11-13 milljarðar á verðlagi 2004, þá væri eftir all nokkru að slægjast, og jafnvel þó það yrði eitthvað minna framanaf.

Að spá fyrir um auknar gjaldeyrstekjur af þjóðgarðinum er svipað og að spá um gengi íslenska landsliðsins í knattspyrnu næstu áratugina. Það er vel hægt að spá fyrir um gengi landsliðsins. Það er hægt að segja að ef staðið er vel að ungliðastarfi og öðru, þá megi búast við að íslenska A landsliðið eigi að geta verið á bilinu í 20. sæti til 80. sæti á FIFA styrkleikalistanum næstu áratugina. Er þá miðað við að liðið var í 18. sæti í febrúar 2018, sem var hæsta staða, í 131. sæti í apríl 2012, sem var lægsta staða, en liðið er í 37. sæti þegar þetta er skrifað. Þessu er vel hægt að spá, og fólk getur verið sátt við þá spá ef það áttar sig á óvissuþáttum, að spáin getur ekki verið nákvæmari en þetta. Auðvitað verða Íslendingar að leggja mikið á sig til að vera í segjum 20.-40. sæti á FIFA styrkleikalistanum.

Eins þurfa Íslendingar að vinna í málum og leggja á sig, fagmannlega og hnitmiðað, og huga vel að sjálfbærni svæðisins, til að árangur af þjóðgarðinum verði góður. Tækifærin virðast fyrir hendi, en þetta gerist ekki sjálfkrafa. Jafnvel gullnámur eru þannig að það þarf að grafa eftir gullinu, vinna það, og selja. Engin gullnáma spýtir gullinu sjálfkrafa í vasann á þeim sem bara labbar framhjá. En er þjóðgarðurinn á leiðinni að skapa svona tekjur? Meira um það hér síðar. (Þetta var skoðað þegar ekkert hafði verið talað um þjóðgarð yfir allt hálendið, en það er hins vegar ljóst að reynslan af Vatnajökulsþjóðgarði hefur áhrif á hugmyndirnar um hálendisþjóðgarð, sem og hvernig sá þjóðgarður verður stækkaður og skipulagður).

3.7. Ríkið nýtti sér tvær hugmyndir – tvær „strategíur“

Þegar ríkið var að stofna Vatnajökulsþjóðgarð, og var að gera það um það bil á sama tíma og verið var að ákveða að byggja Kárahnjúkavirkjun og álver Alcoa, þá voru stjórnámálameinn og ríkið nokkuð augljóslega að nýta tvær strategíur. Annars vegar hugmyndin, eða strategían, að stofna stórt friðað svæði eða þjóðgarð til að styrkja stöðu Íslands sem ferðamannalands, og jafnvel aðrar atvinnugreinar. Hins vegar sú hugmynd, eða kenning, að ef Íslendingar myndu ákveða að fara út í viðamiklar virkjanaframkvæmdir (sem Sverrir var hvorki með né á móti) þá gæti verið gott, fyrir landið og þá aðila sem stæðu í þeim framkvæmdum, að stofna á sama tíma mjög stórt friðað svæði til að sýna að Íslendingar ætluðu líka að passa upp á sína óspilltu náttúru. Þetta eru þær tvær strategíur, hugmyndir eða kenningar, sem Sverrir hafði þróað, og enginn annar hafði gert í sögunni. Það þarf því varla að spá mikið í hvaða tvær strategíur það voru sem ríkið var að nýta, og hvaðan þær komu. Landsvirkjun, sem lét byggja virkjunina, og Alcoa voru vel með á nótunum með það, enda vildu fyrirtækin frá upphafi taka myndarlegan þátt í að styrkja hinn nýja þjóðgarð. Það kemur fram m.a. í fyrstu fundargerð stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs, í viðtali við Alain Belda, aðforstjóra Alcoa Corporation þar sem hann fagnaði því mjög að Alcoa gæti tekið þátt í að styðja við hinn glæsilega þjóðgarð, og víðar.

Kafli 4: Þróun mála var áskorun

4.1. Reynt að kynna málið

Með þetta í huga ákvað Sverrir að koma sér aftur á framfæri, og frekari athugunum á þessu máli. Hann tók saman ýmsar viðbótar hugleiðingar, skoðaði efnahagslega þætti og fleira, og kom á framfæri við fólk. Þetta má sjá á vefnum www.sverrir.info, íslenska hlutanum, tengill á gömlu síðu.

Sverrir talaði alls við um 100 manns og sendi til um 200. Hann hitti rúmlega 30 forystumenn í beinu samtali, þar á meðal rúma hálfu ríkisstjórnina. Það sem hann komst að var, að fólk virtist alls ekki vera með á nótunum að Vatnajökulsþjóðgarður væri afsprengi hugmyndar, sem hefði verið rannsökuð og þróuð vandlega. Það var enginn sem spurði neins, enginn sem mótmælti eða ræddi um hvaða upplýsingar og rök hefðu verið lagðar til grundvallar þegar strategíur voru mótaðar, eða neitt slíkt. Sverrir var verulega hissa á þessu, og þetta fékk hann vissulega til að hugsa. Þó sagði hann fjórum aðilum nokkuð nákvæmlega frá hlutum sem höfðu gerst, og það einfaldlega um aðstoð. Það var ráðherra, og þrír fyrrverandi ráðherrar. Ekkert kom út úr því, það var ekki áhugi á að lagfæra þá stöðu sem Sverrir var í. Einn eða tveir sýndu smá vilja til að aðstoða, en það kom á endanum ekkert út úr því, sem varð ljóst í upphafi árs 2005.

4.2. Súrrealísk þróun mála

Það var eitt og annað sem hafði gerst á þessum árum sem ekki hefur verið mikið minnst á. Sannast sagna, þá er þetta nánast súrrealískt mál. Almennt séð er frekar sjaldgæft að námsmenn við háskóla taki upp á því að þróa og kynna svona viðamiklar tillögur, eða „strategíur“, um óvenjulega og frumlega aðgerð sem eigi að geta komið sér vel fyrir margar atvinnugreinar. Yfirleitt er það nóg fyrir nemendur að sinna náminu. Það er enn sjaldgæfara að slík vinna skili svo risastórri niðurstöðu, á svo stuttum tíma. Sverrir talaði m.a. við einn ráðherra árið 2004. Þegar ráðherrann hafði heyrt lýsinguna á atburðarásinni, frá því að Sverrir kynnti hugmyndir sínar með þremur blaðagreinum, og þar til Alþingi samþykkti þingsályktunartillöguna, sagði hann „fjögur ár? Það er ekki langur tími! Venjulega tekur tíu ár að koma svona stóru máli í gegn.“

Staðreyndin er sú að það eru mörg mál sem eru í umræðunni árum saman. Fjöldi fólks talar fram og til baka um þau, en lítið gerist. Það má til dæmis nefna flugvallarmál, Landspítala, ýmis vegamál, og fleira. Málið sem varð Vatnajökulsþjóðgarður gerðist hins vegar þveröfugt við þetta. Það var möguleiki sem enginn hafði talað um eða óskað eftir, þannig að það væri ítarlegt og kynnt formlega. Það var bara Sverrir sem lýsti þessu, svo var tekið jákvætt í það af vissum áhrifamönnum, og loks var þetta samþykkt. Og það gerðist án þess að Sverrir vissi.

Það einfaldlega gerist varla að óbreyttir námsmenn séu einir síns liðs og ólaunað að kynna hugmyndir sem enginn hefur talað um áður, og það þróist svo á skömmum tíma í að vera samþykkt, og út úr því komi fyrirbæri sem er það stærsta í Vestur-Evrópu af sínu tagi. Þetta er mjög óvenjulegt og gerðist ekki oft á síðustu öld, ekki á Íslandi heldur mun víðar. Hvernig ætti að bregðast við slíku?

Það var fleira. Þessar fyrirætlanir voru svo á sama svæði og hinir stóru virkjanakostir, sem gríðarlega harðar deilur, og hagsmunaátök voru um, beint á eftir því að Sverrir hafði unnið að sínu máli. Í hugum einhverra var það án efa svo, að svo stór þjóðgarður nákvæmlega á þessum stað gæti verið hugsanleg ógnun við stórar virkjanaframkvæmdir. Það gat vel verið

svo, á árunum 1999-2003, þó að síðar, þegar búið var að byggja Kárahnjúkavirkjun og álverið takið til starfa, hafi allir orðið rólegir og sáttir.

4.3. Mál þróuðust ekki á besta veg

Alla vega var það svo, að eitt og annað fór ekki hjá Sverri eins og hann hafði vonast eftir. Þátttaka Sverris á vinnumarkaði varð ekki eins viðamikil og gifturík og vænst var eftir. Hann hafði ekki gert neitt rangt. Þessu er auðvitað hægt að lýsa mjög nákvæmlega, sem verður ekki gert hér. Mál fóru í tiltekinn farveg, og festust svo þar. Álit annarra á Sverri varð engan veginn í samræmi við það hvernig málin litu raunverulega út á því augnabliki sem hann var að ljúka náminu. Málin festust í ákveðnu fari, og það er ótrúlega erfitt að reyna að segja fólki sannleikann, og vinna sér inn tiltrú þegar mál eru komin á vissan stað.

Það er algengur misskilningur að ef fólk er sæmilega klárt og gerir góða hluti, þá muni því ganga vel. Fólki gengur vel ef það eru aðilar sem stjórna, sem vilja greiða leið viðkomandi, og þá skiptir stundum meira máli að viðkomandi líki við umsækjandann, að það séu tengsl fyrir hendi, en það skipti minna máli hvort viðkomandi sé súper klár eða hafi gert mjög góða hluti. Þetta er misjafnt eftir aðstæðum.

Hugmyndin var býsna góð sem Sverrir fékk þegar hann fór að velta fyrir sér svæðinu norðan Vatnajökuls, og fór jafnframt að velta fyrir sér hve lítið væri um að Íslendingar væru að leita skipulega að leiðum til að skapa ný tækifæri. Staðreyndin er að hann vann þetta of vel, af of miklum dugnaði og heiðarleika. Hann vann þetta það vel, og hinar tvær óvenjulegu strategíur voru það hnitmiðaðar, að vissir áhrifaaðilar vildu ganga beint í að framkvæma þetta, þó að enginn annar hefði talað um slíkt og engar óskir væru frá neinum aðilum á Íslandi um að gera þetta. Og á sama tíma grunar Sverri, að vissir aðrir aðilar hafi ekki viljað svona framkvæmd. Að minnsta kosti ekki nema þeir gætu haft mjög góðan kontról á málum.

Hlutirnir, ferillinn, og þjóðfélagsstaðan, fóru ekki alveg eins og Sverrir stefndi á. Þegar maður er kominn á vissan stað, þá getur maður verið bara fastur þar. Fólki dettur ekki í hug að fyrra bragði að hlutir séu í slíkum farvegi. En ef það fær fregnir af því að mál séu í slíkum farvegi, þá vill það síður aðstoða. Það heldur að viðkomandi hafi klúðrað einhverju, brotið af sér, að eitthvað sem væri talið alvarlegt út frá almennum viðhorfum hafi gerst, og þess vegna sé þessi aðili í slíkri stöðu. En það var alls ekki svo. Það skiptir máli hvernig mál líta út utan frá séð. Sú saga sem hér hefur verið sögð, allar upplýsingarnar hér, hafa ekki verið aðgengilegar.

Viðskiptafræðingar fást við upplýsingar og ákvarðanatöku sem oft skiptir miklu fyrir viðkomandi fyrirtæki eða stofnun. Þeir eru gjarnan með nokkra ábyrgð, eða mikla ábyrgð. Þeir eru ekki að moka skurð, vaska upp diska og hnífapör, eða svara í símann. Starfstengt mannorð viðskiptafræðinga er mjög viðkvæmt fyrir því hvaða umsagnir aðrir vilja gefa um þá. Það er spurning um líf eða dauða fyrir viðkomandi. En það er mjög sjaldgæft að eitthvað óeðlilegt sé til staðar. Ef viðkomandi er klár og hefur gert góða hluti, þá fá viðkomandi oftast góðar umsagnir og geta byggt upp sinn feril og líf. Ef viðkomandi hefur hins vegar flækst beint inn í gífurlega hörð hagsmunaátök, án þess að hafa átt erindi inn í þær deilur, þar sem einhverjir eru kannski mótfallnir hugmyndunum sem viðkomandi setti fram, af prinsipp ástæðum, þá getur vel gerst að óæskileg staða komi upp.

Um þetta mæti segja fleira, en það skiptir kannski ekki máli í dag hvað gerðist fyrir margt löngu. Málin festust hins vegar í ákveðnu fari, því starfstengt mannorð viðskiptafræðinga er mjög viðkvæmt, og ekki lítur vel út ef hlutir hafa gengið grunsamlega illa. Það vita allir að þjóðfélagið fór nánast á hvolf í hatrömmum deilum kringum Eyjabakka og Kárahnjúka. Það

var ekki gott að blandast inn í það, alveg gegn vilja, því Sverrir tók engan þátt í deilunum. Það sem er mikilvægast er að koma á framfæri upplýsingum sem margir vissu lítið um, hvert var framlag Sverris til mikilvægs máls á sínum tíma, og hvaða ávinningur gæti fylgt því.

Þessi langtíma staða mála er meðal annars ástæðan fyrir þessum skrifum hér, og var jafnframt ástæðan fyrir því að hann kom sínum nýju þælingum á framfæri árið 2004.

4.4. Snúin staða

Að leiðréttu og laga starfstengt orðspor sem hefur verið látið þróast í óhagstæða átt er mjög erfitt fyrir þann sem fyrir því verður. Hann getur talað við hvern sem er, og sagt hvað sem er, en hvernig fer hann að því að fá fólk til að raunverlega hlusta, og trúna því sem sagt er, og líka að vilja gera eitthvað í málinu? Það er erfitt ef það er ýmislegt óljóst við málið, og jafnvel áhættusamt að segja söguna alla. Það er ekki síður erfitt ef sá sem hefur orðið fyrir svona hefur ekki einu sinni sjálfur aðgang að nægilegum upplýsingum um hvað var eiginlega að gerast. Allar upplýsingar, eða vísbendingar um hvað var líklega í gangi, voru ekki komnar fyrir en rúmum hálfum áratug eftir að atburðir gerðust. Og jafnvel þá voru sumar upplýsingarnar vísbendingar, enda margt líklega falið á bakvið tjöldin í þessu máli. Þetta var mjög snúið.

Málið sem varð Vatnajökulsþjóðgarður gæti skilað þjóðinni hundruðum milljarða króna yfir lengra tímabil og skapað jafnvel hundruð nýrra starfa, en „arkitektinn“ að málinu hafði ekki eins mikla ástæðu til að fagna. Er það í lagi?

4.5. Svo kom bankahrúnið


Svo kom bankahrúnið með de-facto gjaldþroti Íslands, og ekki bætti það stöðuna hjá Sverri fremur en hjá öðrum á Íslandi. En hann var að vísu ekki lengur einn um að vera í erfiðri stöðu, sem var dálítið sérstakt. Þar sem hann var ekki skuldugur, átti raunar ekki mikið, þá breytti hrúnið ekki eins miklu hjá honum eins og hjá mörgum öðrum.

Eftir hrúnið setti hann upp vefinn www.uppbygging.org með nýsköpunarhugmyndum. Þetta var sett upp til að stappa stálinu í Íslendinga, en hugleiðingarnar um nýsköpun voru byggðar á reynslu Sverris af þróun Vatnajökulshugmyndanna. Þannig reyndi Sverrir að koma inn í málin á jákvæðum nótum. Hann fékk dálítill viðbrögð, sem þó breyttu ekki hans stöðu. Einnig setti hann upp samfélagsvefinn SeeVatnajokull.net. Viðbrögð voru sumpart jákvæð en þó einnig of lítil á ákveðnum stað, svo ekki var um mikinn kraft að ræða í því verkefni.

4.6 Hvað mætti taka við

Á síðustu árum hefur Sverrir aðallega unnið að því að þróa nýsköpunarverkefni, enda er hugmyndin að Vatnajökulsþjóðgarði alls ekki eina nýsköpunarhugmyndin sem Sverrir hefur fengið og þróað. Þau hafa þróast í átt að velgengni, en ekki alla leið. Slík vinna er alltaf háð mikilli óvissu. Um leið hefur hann reynt að fá fyrir salti í grautinn með smærri verkefnum og íhlaupavinnu, en það hefur ekki alltaf gengið vel.

Því er það svo, ef það væri kostur á föstu og öruggu starfi, með eðlilegum launum sem hentaði hæfileikum og menntun (sem þyrfti ekki að vera í náttúruvernd eða ferðaþjónustu), þá hefði hann áhuga á því, vissulega. Hann gæti þá unnið að öðrum verkum í frítíma. Því er hér komið á framfæri, frá höfundu strategíu sem ríkið tók í notkun og gæti skilað milljörðum á milljarða ofan í auknum tekjum til samfélagsins. Þessi mál sem hér er lýst hafa ekki verið á almanna vitorði, en þeim upplýsingum er komið á framfæri. Er ekki kominn tími til að höfundur þessa stóra máls taki fullan þátt í starfsemi og verðmætasköpun samfélagsins?



Forsíða samfélagsvefjarins www.SeeVatnajokull.net sem Sverrir setti upp 2010 og á. Vefurinn var hugsaður þannig að gestir í Vatnajökulsþjóðgarði og nágrenni gætu skráð sig inn á, og sett inn á vefinn myndir, myndskreið og sögur, auk þess að bjóða aðrar upplýsingar.

4.7. Ekki víst að allir átti sig

Upptalningin á því sem Sverrir var að fást við meðfram háskólanáminu hlýtur að teljast bara þokkalega glæsileg. Alþingi samþykkti að láta skoða vandlega möguleikana á Vatnajökulsþjóðgarði nokkurn veginn á sömu dögum og þegar Sverrir útskrifaðist, og ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að stofna garðinn var tekin til þess að gera skömmu síðar, eða einu og hálfu ári síðar. Það er þó ekki víst að allir séu sannfærðir.

Það liðu átta ár frá ákvörðun um að þjóðgarðurinn skyldi stofnaður þangað til garðurinn var svo formlega stofnaður. Það, hve langur tími leið, og líka ýmislegt sem leit einkennilega út varðandi stöðu og feril Sverris eftir námið, um leið og margir þekkja ekki nægilega til hlítar hans gríðarmiklu vinnu á sínum tíma, sem og að hann var sá eini sem setti fram slíka vinnu í sögu landsins, þýðir að margir átta sig líklega ekki á að það séu mjög líklega tengsl milli Vatnajökulsþjóðgarðs og vinnu Sverris. Það að Sverrir hafi haft áhrif í þessu stóra máli hljómar ekki rökrétt, og er því einfaldlega hafnað. Eins hafa fáir upplýsingar um, að raunverulega leit staða Sverris mjög vel út þegar hann var að útskrifast. Þetta þýðir að það mál vel vera að einhverjum finnst að það sem er talið upp hér sé alveg fráleitt. En þessi mál líta allt öðruvísi út ef skyggst er bakvið framhliðina.

Þessi þjóðgarður er og verður alltaf fyrirbæri sem Sverrir átti frumkvæði að í bláupphafinu, sama hve langur tími líður eða hvernig mál þróast svo. Þetta er eins og tónverk eða leikverk, þar sem gerðar eru margar mismunandi útsetningar eða uppfærslur, en tónverkið eða leikverið er alltaf í grunninn það sama, og frum höfundur óbreyttur.

Spurning um hvort að allir á Íslandi skilji hvernig svona nýsköpun fer fram, að þá er svarið að líklega eru fleiri og fleiri sem skilja þetta vegna áherslu á nýsköpun, en áður voru eflaust margir sem höfðu ekki innsýn inn í þetta. Íslendingar voru mjög vanir því að móttaka og taka í notkun ýmsar nýjungar. Þeir eru fljótir að tileinka sér nýjungar sem berast erlendis frá.

Þessar nýjungar koma sjálfkrafa til Íslands erlendis frá, og Íslendingar hafa ekki lagt neitt til málanna í stundum áralöngu rannsóknar og þróunarferli sem fór í að búa nýjungina til. Þeir hafa ekki lagt í neinn kostnað. Nýjungar koma bara sjálfkrafa, þær eru allt í einu þarna, og fólk fer að nota þær og fáir spyrja að neinu. Margir spá því ekkert í því.

Uppbygging

Heim Fljót lesning Uppbygging Myndskeið Tenglar

Betri nýsköpun

Reynslan af litt þekktri atburðarás sem leiddi af sér nýja sýn á nýsköpun. Smelltu á myndina til að lesa útdrætti um efnið og tengingu málsins >>>>

Smelltu hér fyrir útdrætti

Myndskeið um þróun nýrra hugmynda í líkingu boðhlaups [Horfa](#)

- Uppbygging**
Hvernig má styrkja nýsköpun? Boðhlaup í sköpun nýjunga
- Fljótlegt!**
Stutt lesning - stytta þér leið hér í boðhlaupi nýjunga
- Myndskeið**
Sjáðu spjallmyndskeiðið um sköpun nýjunga í myndlíkingu
- Tenglar**
Frekari upplýsingar - skoðaðu tengla á annað tengt efni

Forsíða vefjarins www.Uppbygging.org, sem Sverrir bjó til, með ábendingum um nýsköpun og þróun verðmætra nýjunga. Sverrir setti vefinn upp árið 2011 til að stappa stálinu í svartýna Íslendinga í kjölfar bankahruns, en þælingar á vefnum voru byggðar á hans reynslu af að þróa og setja fram Vatnajökulshugmyndirnar.

Hér á Íslandi hefur að vísu verið mikil nýsköpunarbylgja á síðari árum. Það er í tísku að þróa vöru eða þjónustu, og stofna eitt fyrirtæki kringum það sem vonandi mun ganga vel og skapa áhugavert starf fyrir stofnendur, eða jafnvel gera þá ríka. En vinna Sverris var ekki af því tagi. Hans vinna var almenn samfélagsleg nýsköpun, þar sem átti að búa til fyrirbæri sem myndi bæta aðstæður fyrir mörg fyrirtæki, sem aðrir myndu reka. Sá var munurinn. Það er ekki algengt á Íslandi, og ekki hluti af hefðbundinni þjóðfélagsgerð og kúltúr, að háskólastúdent fái svona hugdettu, setji fram viðamiklar tillögur án launa, og geri það þannig að stjórnámamenn geti einfaldlega samþykkt tillöguna á mikilla grundvallarbreytinga. Það er auðvitað enn minna algengt, bæði hér og erlendis, að árangurinn sé eins og hann varð.

En Vatnajökulsmálið var grunn tillaga sem byggði á aðstæðum á Íslandi og enginn annar hafði talað um. Hún var rannsökuð og þróuð hér. Í nútímasamfélagi er ekki bara nauðsynlegt að stofna ný fyrirtæki, til að framleiða ýmsa vöru og þjónustu. Það er líka nauðsynlegt að horfa á stóru myndina, stórar aðgerðir sem hægt er að grípa til, til að svara nýrri þróun á alþjóðavettvangi. Þegar íslenskar ríkið (stjórnámamenn) tók við þessari nýjung, frum

tillögum um Vatnajökul, og samþykkti svo að framkvæma hana, spáðu flestir ekkert meira í málinu, og spurðu einskis. (Þó voru sumir sem það gerðu, en samt fáir).

Þau fjölmörgu sem komu að undirbúningi Vatnajökulsþjóðgarðs frá 2001-2008, og þau sem hafa komið að uppbyggingu hans frá 2008 hafa auðvitað mótað sína útfærslu og sett sitt mark á hann. En það er enginn grundvallar eðlismunur á þjóðgarðinum og þeim tillögum sem Sverrir setti fram.

Hér er algert lykilatriði sem lesandi getur velt fyrir sér: Tillögurnar um Vatnajökul voru stefnumótun þar sem horft var yfir víðan völl, og horft marga áratugi fram í tímann. Þetta voru ekki sveigjanleg viðbrögð við óvæntum aðstæðum sem koma upp, en margt sem gerist og er gert á Íslandi fellur undir slíkt. Skilur fólk muninn á þessu tvennu?

4.8. Er framtíðin örugg?

Hér er því rétt að koma með eftirfarandi athugasemd, þar sem horft er á málin mjög vítt:

Ísland hefur nú um nokkurt skeið, að jafnaði, notið lífsskilyrða og efnahags sem er með því besta sem gerist á plánetunni Jörð. Velgengnin hefur staðið yfir í um 80 ár. Aldirnar þar á undan var íslenska þjóðin mun fátækari. Stundum var Ísland án vafa eitt allra versta land í heimi að búa í. „Ísland verst í heimi“ hefði getað verið slagorðið, t.d. á 18. öld. Er eitthvert lögmál að Ísland muni alltaf njóta bestu skilyrða í framtíðinni? Hvar er það lögmál? Er það náttúrulögmál? Eða eitthvað sem aðrar þjóðir hafa ákveðið sín á milli? Hafa aðrar þjóðir undirritað samkomulag sem segir að þær ætli sér að keppa að því að bæta eigin hag fyrst og fremst, en með þeirri undantekningu að þær muni alltaf reyna að sjá til þess að á litla Íslandi séu betri skilyrði en annars staðar, jafnvel betri en hjá þeim sjáfum?

Vegna þessa er nauðsynlegt að einhver nenni að horfa í kringum sig, og koma með alvöru tillögum að framförum. Sverrir telur, að svona framtak, ef það er gert vel og heiðarlega, sé á meðal þess allra mikilvægasta sem þjóð geti stundað. Það er stórmál. Þetta framlag Sverris var langt frá því að vera ómerkilegt, það sýnir niðurstaðan sem varð. Það er nefnilega ekki til neitt lögmál sem segir að lífsskilyrði eigi alltaf að vera best á Íslandi.

Þess vegna er líka mjög nauðsynlegt að þeir sem taka upp á að veita svona þjónustu við sitt samfélag geti gert það án þess að setja sig í hættu.

Íslendingar sluppu ótrúlega vel fyrir horn eftir hina stóralvarlegu stöðu sem þeir voru komnir í eftir haustið 2008. Það komu upp tvær aðstæður sem reyndust vera Íslendingum mjög hagstæðar, og hjálpuðu þeim mikið að rétta úr kútnum aftur, þó vel megi segja að fleira hafi líka hjálpað þeim. En án þessara tveggja þátta, makrilsins og mikillar alþjóðaathygli á náttúrufar landsins í kjölfar eldgossins 2010, sem hjálpaði svo ferðaþjónustunni við að vekja spenning hjá fólki fyrir landinu, þá hefði ekki gengið svona vel síðustu tíu ár. Það hefði ekki orðið svona mikil aukning á innstreymi erlendra gjaldeyrstekna. Það þarf tekjur til að rétta úr kútnum, það er bara þannig, burtséð frá öllu öðru sem fólk stundar.

Þetta var ótrúleg heppni. Alveg hundaheppni.

Kafli 5: Vatnajökulsþjóðgarður og framtíðin

5.1. Mikið lagt í Vatnajökulsþjóðgarð

Á árinu 2017 störfuðu um 20 fastir starfsmenn við þjóðgarðinn, og fjöldinn fer í um 100 manns á sumrin. Ríkið varði tæpum 2,2 milljörðum til reksturs og fjárfestinga vegna garðsins árið 2017. Þessi upphæð, 2,2 milljarðar, skiptist þannig að um 671 milljónir króna fóru í rekstur þjóðgarðsins, en garðurinn fór reynda talsvert framúr fjárveitingum það ár. Einnig lagði ríkið í fjárfestingu upp á 1.520 milljónir króna til að kaupa jörðina Fell í Suðursveit, sem gert var þann 9. janúar 2017. Með því var hægt að bæta Jökulsárlóni við þjóðgarðinn. Það er deginum ljósara að ríkið leggur ekki í fjárfestingu upp á 1,5 milljarð króna í einni aðgerð, nema að ríkið geri sér vel grein fyrir að sú fjárfesting skili sér. Það er ljóst að ríkið telur að mikil verðmæti felist í þessum þjóðgarði.

Einnig er í ferli umsókn um að setja garðinn á heimsminjaskrá UNESCO, eða allavega svæðið ef þjóðgarðurinn verður stækkaður yfir allt hálendi Íslands. Ef þjóðgarðurinn kemst á World Heritage List má verður hann enn meira spennandi til að heimsækja, og vonandi kemur jákvætt út úr þeirri umsókn.

5.2. Vatnajökulsþjóðgarður seinn á sér

Eins og sagði þá gerðu áætlanir sem unnar voru um hugsanlega aukningu gjaldeyristekna vegna Vatnajökulsþjóðgarðs ráð fyrir því að tekjur gætu hugsanlega aukist að skv. lægra matinu um 6,8 milljarða króna á ári, sem vegna margfeldisáhrifa myndi þýða 27 milljarða króna veltuaukningu á ári í efnahagslífinu, (tölur á verðlagi 2018). Stefnir í eitthvað slíkt? Það stefnir aðeins í slíkt ef það er unnið skipulega að því, er svarið. Ekkert gerist sjálfkrafa.

Fyrr á árinu 2018 komu fregnir af því að fyrirtækjum, sem voru að sækja um leyfi til að stunda atvinnustarfsemi, ferðaþjónustu, innan marka þjóðgarðsins, hefði verið hafnað. Ástæðan var að reglur um það hvernig ætti að standa í slíku væru ekki tilbúnar, og því ekki hægt að veita leyfi. Þetta hefur leitt til kærumála og kvartana frá ferðaþjónustunni. Einnig hafa Samtök ferðaþjónustunnar kvartað yfir framgangi mála hjá þjóðgarðinum. Sverrir tók sig til og kannaði hvað hefði verið rætt á fundum stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs frá upphafi, árið 2007, og til ársins 2018. Þetta voru 124 fundir þegar þetta er skrifað. Hann skoðaði sérstaklega, með því að nota „Find“ skipunina á vefsíðunum, hve oft á fundum stjórnar hefði verið fjallað um atvinnustarfsemi, kynningarmál, útgáfu, markaðssetningu og ímynd, en það eru atriði sem tengjast þessu, og setti saman stutta skýrslu um það.

Hann komst að því að satt að segja hefur verið afar lítil áhersla verið á þessi mál. Það sem stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs hefur aðallega fjallað um eru stjórnsýsluleg og rekstrarleg málefni sem eru til komin vegna þeirrar staðreyndar að þjóðgarðurinn er til. Þjóðgarðurinn snýst þess vegna mest um sjálfan sig. Þetta sést af því, að átján ár eru frá því að ríkisstjórnin samþykkti að stofna garðinn, og tíu ár frá því að þjóðgarðurinn var stofnaður. Í upphaflegum lögum um Vatnajökulsþjóðgarð sem voru samþykkt árið 2007 var ekkert minnst á atvinnustarfsemi. Því var bætt við í endurskoðun laganna árið 2016. Það er ekki enn búið að setja reglugerð um þessi mál, og þess vegna hefur stjórnin sagt að ekki sé hægt að setja reglur um atvinnustarfsemi innan marka garðsins, og því verði að hafna öllum umsóknum um atvinnustarfsemi. Og þessa stundina er ekkert vitað hvenær slíkar reglur verða tilbúnar, en þær hafa verið „í vinnslu“ í fjölda ára. Er þetta ekki skrýtið? Það er ljóst að í stjórnsýslunni og hjá löggjafanum hefur einfaldlega ekki verið mikil áhersla á þennan þátt.

Vegna þessa verður að segja, að ef hlutir halda áfram í sama hæga farinu, þá stefnir því miður varla í að Vatnajökulsþjóðgarður nýttist til að skapa atvinnu, og tekjur, þannig að það nái þeim áætlunum sem sagt var frá. Það var þó lykil atriðið í upphaflegum hugmyndum um að stofna svona garð. Það skal þó tekið fram að það er ekkert því til fyrirstöðu að gefa í, og fara að stefna betur á það framvegis.

Tekið skal fram að á fyrstu tíu árum er kannski eðlilegt að meiri orka fari í að byggja upp þjóðgarðinn, byggja þjónustumiðstöðvar, setja upp skilti, og slíkt. Minni orka fari í kynningarmál garðsins, eða það hvernig atvinnulíf í nærsveitum geti haft hag af tilvist garðsins. Sverri sýnist að uppbygging þjóðgarðsins hafi gengið að mestu þokkalega fyrir sig. Framkvæmdastjórinn fyrstu tíu árin þótti þægilegur náungi, þó að samskipti Sverris við hann væru mjög lítil. Yfir það heila litið virðist þetta hafa gengið sæmilega. Að vísu urðu hnökrar í starfinu í lokin, framúrkeyrsla á kostnaði og samskiptaerfiðleikar, sem leiddu til þess að framkvæmdastjóri og stjórnarformaður hættu. Sverrir hefur ekki nákvæma þekkingu á því hvað var að gerast í baksviði þess. Slíkt gerist.

En Sverri hefur sýnst, að Vatnajökulsþjóðgarður hafi af stjórnámálamönnum sem höfðu sumir lítil tengsl við atvinnulífið, verið settur í hendurnar á fólki sem sömuleiðis hafði sumt hvert lítinn fókus í þá veru. Þessir einstaklingar voru auðvitað klárir í því sem þeir voru klárir í. En fókusinn var klárlega ekki á þessi atriði.

Sverri finnst því að of lítil áhersla hafi verið á markaðsmál, kynningarmál og samband þjóðgarðsins við ferðapjónustu. Er ekki er bætt í þar var, frá sjónarhóli Sverris, enginn tilgangur með því að hafa ýtt 11 friðuðu svæðum til hliðar til að stofna einn þjóðgarð. Það er dálítið einkennilegt að horfa á hvað var til umfjöllunar í þeim nefndum sem unnu að undirbúningi þjóðgarðsins á árunum 2001-2007, og svo hvað hefur verið til umræðu í stjórn þjóðgarðsins á fyrstu tíu starfsárum garðsins, hve lítil áhersla virðist hafa verið á það, hvað megi gera, hvernig megi skipuleggja hluti, þannig að þjóðgarðurinn starfi vel með og þjóni vel heimabyggð, og atvinnusköpun í heimabyggð.

Nú er það svo, að í ferðapjónustunni hefur verið auknum erfiðleikum bundið að draga ferðamenn út á landsbyggðina. Það hefur verið samþjöppun á suðvestur horninu og í Reykjavík. Vatnajökulsþjóðgarður var einmitt hugsaður þannig, að hann gæti orðið þekktur erlendis, sem hann hefur alla burði til. Að þjóðgarðurinn gæti orðið „hornsteinn“ í mynd landsins, og dregið ferðamenn austur á bóginn. Það var tilgangurinn með upphaflegum tillögum, sem voru einu viðamiklu tillögurnar sem nokkru sinni komu fram. Það var ekki hugmyndin að þjóðgarðurinn yrði hálfgerð bák sem ætti í slæmum samskiptum við ferðapjónustuna og ferðafélög, en nyti helst stuðnings frá Landsvirkjun og Alcoa.

Nú skal tekið fram að á vegum félagsskaparins Vinir Vatnajökuls hafa mörg geysi skemmtileg og frumleg verkefni verið studd dyggilega. Það er gott mál, og rétt að þakka Landsvirkjun og Alcoa sem eru víst helstu fjárhagslegu bakhjarlar félagsins. Taka má fram að það var Sverrir sem var höfundur kenningar um að það gæti verið jákvætt samband milli virkjana og stórra náttúruverndarsvæða. Hvorki náttúruverndarsinnar sem vildu stöðva virkjanaframkvæmdir, né virkjanasinnar sem stóðu í þrasi við þá, höfðu sett slíka kenningu fram, sem vonlegt er. Verkefni sem Vinir Vatnajökuls hafa stutt hafa sum verið hlutir sem hafa staðið til langs tíma, til dæmis skilti, meðan önnur hafa verið skammlífari. Þetta er allt ágætt, en tilviljanakenndur stuðningur við verkefni hér og hvar kemur ekki í staðinn fyrir það að á vettvangi þjóðgarðsins og kannski umhverfisstofnunar og ráðuneytis séu í gangi virkar þælingar um hvað sé hægt að gera, og hvernig, til að styðja sem best við atvinnulíf í heimabyggð og líka almennt séð. Slíkar

hugleiðingar eru nauðsynlegar til að finna á endanum bestu kostina. Skoðun á þessum fundargerðum frá 2007-2018 sýnir afar litla áherslu í þá átt.

5.3. 10+ atriði til reiðu

Hér má taka fram að Sverrir hefur alls ekki hætt að hugsa um þessi mál. Bæði hefur hans framlag verið margvíslegt frá 2001 til 2014, sem má sjá á vefnum www.sverrir.info, en viðbrögð oft mjög takmörkuð. Hann lumar einnig á fleiru. Hann hefur punktað niður rúmlega 10 atriði sem mætti gera, til að styrkja samband þjóðgarðsins við samfélagið og svæðin umhverfis, og auka líkur á að þjóðgarðurinn stuðli að sköpun starfa og tekna. Þetta eru margvísleg atriði, sum einföld og ódýr, og önnur viðameiri og flóknari. Þessi atriði benda ekki bara fingrinum á ríkið, með kröfum, heldur eru fyrst og fremst ábendingar um hvernig aðilar í heimabyggð og þjóðgarðurinn geta tekið þátt í að skapa og styrkja þau tækifæri, sem þjóðgarðurinn gæti skapað ef rétt er að farið.

Er líklegt að þessar pælingar séu þess virði að unnið sé frekar úr þeim? Var það þess virði að Sverrir setti fram hinar upprunalegur hugmyndir sem hann þróaði? Alla vega nóg til þess að ríkisvaldið ákvað á met tíma að gera það sem Sverrir hafði kurteislega lagt til. Það er öruggt að ekki er hver og ein einasta af þessum 10+ hugmyndum brakandi snilld. En vel má vera að á meðal þeirra leynist eitthvað sem engum öðrum hefur dottið í hug, alveg eins og í upprunalegum tillögum Sverris voru atriði sem enginn annar hafði stungið upp á.

5.4. Hvað ef...?

Vatnajökulsþjóðgarður er núna stöndug ríkisstofnun. Mörgum finnst kannski augljóst að garðurinn hafi orðið til þar sem hann er orðinn þetta fastmótaður í dag. Það sé engin spurning stjórnámamenn hefðu alltaf samþykkt stofnun hans. Þeim finnst kannski, að vinna Sverris hafi bara verið aukaatriði sem hafi verið utan við feril máls sem hefði gerst á þennan hátt, þó að Sverrir hefði sleppt sinni vinnu. En þrátt fyrir allt þá er það staðreynd um allt sem menn framkvæma, að í bláupphafinu þarf einhver að koma auga á tækifæri, benda öðrum á að það sé til staðar, og koma með rök sem þeir sem stjórnarn vilja samþykka. Sverrir hefur velt fyrir sér hvernig mál hefðu þróað ef hann hefði alveg sleppt því að setja sínar tillögur fram. Væri garðurinn þá til í dag?

Hér kemur dálítið sem þau skilja sem skilja ferli hugmynda, ferli nýsköpunar: Ef þessar hugmyndir sem höfðuðu til ríkisstjórnarflokkanna hefðu ekki komið fram, þá væri enginn Vatnajökulsþjóðgarður í dag. Þarna væri staðan að mestu eins og hún var 1994, með Skaftafellsþjóðgarði, þjóðgarði í Jökulsárgljúfrum, og öðrum friðlöndum og náttúruvættum sem þarna voru. Kannski væru menn að hugsa um hálendisþjóðgarð, en það væri engin reynsla af Vatnajökulsþjóðgarði til staðar til að byggja á. Ef tillagan um Vatnajökulsþjóðgarð hefði verið sett fram út frá hefðbundnum viðhorfum náttúruverndarsinna, sem voru sí og æ að reyna að koma í veg fyrir virkjanir, þá er öruggt að Vatnajökulsþjóðgarður hefði aldrei, aldrei, aldrei nokkurn tímann, verið samþykktur á sama tíma og áhrifamiklir aðilar í öðrum ríkisstjórnarflokkanna vildu byggja stórvirkjun á sama stað. En eins og sagði þá var tillagan um Vatnajökulsþjóðgarð ekki hefðbundin náttúruverndarhugmynd. Hún var málamiðlunarstrategía sem gerði ráð fyrir að þetta tvennt gæti búið saman.

Það getur verið að sumir átti sig ekki á muninum á því að annars vegar að rannsaka og þróa tillögu sem enginn hefur talað um áður, og að setja hana fram, og hins vegar því að vera stjórnámamaður, skoða tillögur og ræða, og taka svo ákvarðanir. Kannski eru til þeir sem finnst að ekkert merkilegt gerist nema að stjórnámamenn hafi ákveðið og sett mál af stað.

Sverrir hefur t.d. fengið að heyra það að ekkert merkilegt hafi gerst í málum Vatnajökulsþjóðgarðs, nema það sem gerðist eftir að stjórnámamenn ákváðu að ganga í það mál, að það hafi hreinlega ekki gerst neitt áður en þingmenn tóku sína ákvörðun, bara alls ekki neitt, og það frá aðila sem var með öll gögn fyrir framan sig. Til að stjórnámamenn fái nýjar tillögur til að ræða og taka ákvarðanir um eru þrjár leiðir: 1. Nýjungarnar koma erlendis frá. 2. Einhverjir hér á landi gefa sér tíma til að skoða mál vandlega, rannsaka og þróa raunhæfar tillögur með röksemdum, og setja það svo fram, og 3. Stjórnámamenn þurfa sjálfir að fá allar nýjar hugmyndir og ákveða út frá því. Það eru bara 63 þingmenn og þeir hafa mikinn fjölda mála að skoða. Utan þings eru mun fleiri einstaklingar, og sumir þeirra eru bæði hugmyndaþrófar, með góða greiningarhæfni og hafa nægan tíma aflögu til að kafa djúpt ofan í tiltekið mál. Er ómögulegt að gera ráð fyrir því að grunnurinn að verðmætri nýjung komi frá einstakling utan þings, sem leggur vinnu í málið? Að mál eigi upphaf sitt þar, og þróist svo áfram? Rannsókn og þróunarstarf fer almennt ekki fram inni á þjóðþingum lands. Það vita þær þjóðir sem hafa verið í fararbroddi nýjunga af ýmsu tagi síðustu 200 árin.

Það er staðreynd að ekki eru allir hrifnir af þjóðgarðinum. En er víst, að ef þjóðgarðurinn væri ekki til en í staðinn væri sú staða sem var 1994, að þarna myndu engar reglur vera og pirraðir aðilar gætu gert það sem þeim sýndist? Til allrar framtíðar? Ef menn eru pirraðir út í tilteknar reglur og þess vegna ósáttir við þjóðgarðinn í heild, væri ekki málið að skoða þær reglur?

Kafla 6: Ósk frá frum höfundu Vatnajökulsþjóðgarðs

6.1. Meiri þátttöku í starfsemi samfélagsins

Eins og áður sagði þá var eitt og annað varðandi ferilinn sem fór ekki á rétta braut, þegar ferillinn lenti í árekstri við hinar gífurlega hörðu, áralöngu deilur um virkjanafarmkvæmdir á svæðinu sem Sverrir hafði lagt til að mætti friða sem stórt samfellt náttúruverndarsvæði eða þjóðgarð. Þetta festist í ákveðnu fari, og það náðist ekki að laga stöðu mála fyllilega. Það er ekki sýnilegt að svona mál hafi verið í gangi, og engum dettur það í hug sem hittir Sverri. En ef fólk veit að mál hafi ekki verið í sem bestu horfi, þá þýðir það ekki að viðkomandi vilji endilega aðstoða. Þvert á móti þýðir það oftast að fólk vill ekki aðstoða. En að skýra málin er langt of flókið mál, og ekki víst að fólk skilji málið.

Venjan er oft sú að ef einstaklingi gengur ekki of vel, þá sé það vegna þess að viðkomandi eigi við einhvern vanda að stríða, hafi klúðrað einhverju, brotið af sér, sé í einhverri óreiðu. Það á alls ekki við hjá Sverri, og raunar dettur engum í hug hver sé hin raunverulega saga.

Sverrir glímir ekki við persónuleg vandamál af neinu verulegu tagi. Hann hefur ekki verið í áfengi, eða dóni, fjárhagsóreiðu, eða neinu veseni af neinu tagi. Hann hefur þó kynnst slíku. Í æsku og á ungum árum var oft þungt í sinni, og sveiflukennd geðheilsa, en hann hefur verið laus við slíkt í 25 ár svo það skiptir litlu máli í dag. Vandinn er hins vegar sá að ekki eru allir sem átta sig á að þetta sé alls ekki til staðar. Þetta getur verið fast í kollinum á öðrum, og það getur verið erfitt að stilla það af, ekki síst ef fólk vill síður ræða málin. Betur er sagt frá bakgrunninum lengra aftur í tímamótum í aukafni Prófill á síðunni www.sverrir.info/samantekt.

Það er ekki samfélaginu til góðs að einstaklingur sem hefur þróað og afhent verkefni af þessu tagi sé settur til hliðar, og fái ekki aðstoð við að hafa atvinnutengd mál í réttu horfi. Enginn myndi vilja gera slíkt við hæfileikaríkan fótboltafólka, skipstjóra á fiskiskipi eða skurðlækni, og vonandi áttar fólk sig á að það er heldur ekki gott mál að slíkt sé gert við

einstakling sem hefur þróað grunn strategíurnar að fyrirbæri eins og þjóðgarðinum. Það þarf að vera pláss fyrir alla, líka þá sem þróa strategíu um fyrirbæri sem gæti á endanum skilað milljörðum í ríkiskassann og fjölda nýrra starfa.

Það er raunar hálf fáránlegt að þurfa að segja það. Þetta mál er enda mjög óvenjulegt.

Sverrir vill semsagt taka betur þátt í starfsemi og verðmætasköpun samfélagsins, og fá þar með það sem flestir myndu kalla eðlilegan fjárhag. Þetta getur gerst með ýmsum hætti.

Algengast er að fólk hafi **fast og öruggt starf** sem hæfir menntun og hæfileikum. Til að fyrirbyggja misskilning þá er ekki rétt að gera ráð fyrir því, að best væri að slíkt starf tengdist náttúruvernd, Vatnajökulsþjóðgarði eða ferðaþjónustu. Sverrir er menntaður sem almennur viðskiptafræðingur af markaðssviði, og hann hafði ekki þessi svið í huga þegar hann hóf nám. Hann getur því komið við á ýmsum sviðum og skilað góðu verki.

Eins mætti skoða að taka að sér **tímabundin verkefni** meðan leitað er að langtímalausn. Sverrir hefur reyndar gegnum tíðina tekið að sér ýmis verkefni með góðum árangri, undir nafninu Marktak, og er alveg tilbúinn til slíks. Hann setti upp vefinn www.marktak.is um það. Sem dæmi um tímabundið verkefni gæti t.d. frekari vinnsla á 10+ atriðum til reiðu sem minnst er á í samnefndum kafla verið viðeigandi og skynsamleg. En margt kemur til greina af fjölbreyttu tagi, eins og vefurinn marktak.is sýnir.

Einnig hefur Sverrir komið auga á nokkur **tækifæri á sviði nýsköpunar**, og var það megin áherslan í hans vinnu síðustu árin, um leið og hann var í hlutavinnu og verkefnum til að reyna að halda fjárhagnum í horfinu. Svona verkefni eru háð óvissu, en sumt af þessu er langt komið, en annað á hugmyndastigi. Hann er opinn fyrir hugsanlegum samstarfsaðilum og fjárfestum, eftir því sem hæfir í hverju máli fyrir sig. Yfirlit um þetta er í viðauka.

Eftir að hafa unnið í þeim tillögum sem urðu að Vatnajökulsþjóðgarði, og svo tekist á við ýmislegt í framhaldinu og komið ýmsu öðru á framfæri, þá má alveg spyrja hvort að sá sem hefur þróað slíkt og afhent á sínum tíma eigi skilið að **uppskera eitthvað í staðinn, nettó, fyrir sína miklu vinnu og líklega verðmæta framlag**, þó það séu kannski ekki lagaleg eða samningsleg skilyrði fyrir hendi til að krefja hlutaðeigandi um slíkt? Ef einhverjir myndu vilja veita fjárhagslegan stuðning væri því alls ekki illa tekið á þessari stundu. Hér eru upplýsingar um reikning: www.sverrir.info/banki.

6.2. Erindi til þjóðarinnar

Þetta erindi er ekki til Vatnajökulsþjóðgarðs, stjórnvalda eða stjórnámálanna eingöngu, heldur til samfélagsins alls, enda var vinna Sverris unnin fyrir samfélagið. Hér hefur ekki verið fjallað mikið um þjóðgarðinn sjálfan í dag, og starfsfólk hans er ekki umfjöllunarefnið. Ef einhverjum þar finnst þetta óþægileg umfjöllun biðst Sverrir afsökunar á því, en biður fólk um að sjá og skilja heildarmyndina.

6.3. Hafa samband – vinsamlega óskað eftir svörum og athugasemdum

Hér skal botn sleginn í þessa óvenjulegu umfjöllun. Áhugi er á að byggja jákvæða brú til fólks sem vill ræða málið og taka á þessu máli. Áhugasamir geta haft samband við Sverri. Síminn er 864 0023 og tölvupóstur sverrir@sverrir.info, eða PM á Facebook. Upplýsingar um Sverri og hans verk má svo sjá á vefnum www.sverrir.info. Þar verður nýtt efni sett inn, og einnig hugsanlega á Youtube rásinni: www.youtube.com/sverrirsvsig.

Einnig mun Sverrir hafa samband við hina og þessa, eftir efni og ástæðum. Sverrir hefur áhuga á að heyra í heiðarlegu fólki sem er öfgalaust gagnvart náttúruvernd og virkjunum, sem skilur þetta, og vill standa öðruvísi að málum heldur en raunin varð í þessu máli. Einnig er áhugi á að heyra í aðilum sem eru opin fyrir nýjum og spennandi hugmyndum og tækifærum sem gætu skapað verðmæti í framtíðinni, enda hefur Sverrir áhuga á að eyða sem minnstum tíma og orku í málið í þessari samantekt í framtíðinni.

Lokaorð

Þessi texti var settur saman og honum komið á framfæri með það í huga, að hér sé á ferðinni nokkuð merkileg saga um hluti sem eru býsna stórir (14% af Íslandi nánar tiltekið), og að fólk mætti gjarnan fá fullar upplýsingar um þetta mál.

Frá persónulegum sjónarhól má segja að það hefur verið merkilegt að sjá þetta hugarfóstur verða að veruleika. Fólk getur lent í vandræðum í lífinu af ýmsum ástæðum, en þetta er örugglega með því sérstæðasta.

Þessari vinnu og nálguninni í henni hefur nú verið lýst, og heildarmyndin gefin í fyrsta sinn. Spurningin er, ef einstaklingur fær góða hugmynd, er það góð hugmynd að setja slíkt fram? Finnst fólk svona vinna vera eftirsóknarverð, og þakkarverð? Svarið við þessu kann að vera mikilvægara en sýnist í fyrstu. Sverrir hefur verið í óvenjulegri aðstöðu til að kynnast vissum hliðum á Íslendingum, og honum sýnist að Íslendingar misskilji dálítið eigin sögu og eigin stöðu. Slíkt getur haft afleiðingar fyrir þjóð. Hvort áhugi sé á frekari útskýringum á þessu er svo annað mál.

Hugmyndin að stóru friðuðu svæði eða þjóðgarði á Vatnajökli, og hugmyndin um að virkjun og þjóðgarður gætu komist þarna fyrir bæði og að virkjun gæti grætt á því að þjóðgarður væri stofnaður um leið og virkjun væri byggð, voru hugmyndir sem stefndu að millivegi, að málamiðlunum.

Íslendingar eignuðust Vatnajökulsþjóðgarð. Var það ekki ágætt? Svo er Háslón Kárahnjúkavirkjunar þarna, sem sumum finnst mjög slæmt. En það eru mörg hundruð, eða kannski meira en þúsund manns á Austurlandi sem hafa örugga vinnu vegna virkjunar og álvers. Fjölskyldur hafa örugga afkomu. Svo getur þjóðgarðurinn líka skapað grunn að störfum, annars konar störfum, sem kalla á aðra hæfileika fólks, og hentar öðru fólki með önnur viðhorf. Þarna er núna þjóðgarður sem er rúmir 14.000 ferkílómetrar, og lón sem er 57 ferkílómetrar í fullri stærð. Er það ekki í lagi? Hvernig á að verðleggja slæma tilfinningu þeirra sem er svona illa við Kárahnjúkavirkjun og álverið? Spurning er hvort þeir aðilar geti notið góðra stunda annars staðar innan þjóðgarðsins? Nóg er af glæsilegum stöðum þar.

Baráttuglaðir einstaklingar með heitar hugsjónir vill berjast fyrir sinni hugsjón. Nú er vinna að þjóðgarði sem nær yfir allt hálendið líklega á næsta leiti. Ef Íslendingar vilja að umræðunni verði stýrt af tveimur hagsmunaaðilum sem geta ekki komið sér saman um málin, þá er það val Íslendinga. Ef hins vegar aðilar sem eru tilbúnir að skoða valkosti beggja hópa með opnum huga taka á málinu, það er þegar mál eru skoðuð öfgalaust frá öllum hliðum sem að fólk sér nýjar hliðar, nýja möguleika, sem þeir sem brenna bara fyrir einni hugsjón koma aldrei auga á, því þeir vilja bara sjá eina hlið. Það er þá sem hægt er að koma auga á útfærslur, þar sem einn plús einn gefa ekki útkomuna tveir, heldur eitthvað meira en tveir.

Það kallast „synergy“. Það er þá sem töfrar geta gerst, og með góðum vilja er hægt að finna lausnir sem gefa báðum hugsjónum eitthvað fyrir sinn snúð.

Þú sem hefur lesið þetta, kærar þakkir fyrir lesturinn. Vonandi varðst þú einhvers vísari og kannski vitrari. Þú mátt mjög gjarnan tala um þetta við hvern sem er, og dreifa þessu og leyfa öðrum að sjá. Sverrir vill gjarnan stofna til opinnar umræðu um öll þessi mál.

Að lokum má mæla með því að horft sé á myndskreiðið Virði Vatnajökulspjóðgarðs – samanburður við útlönd, sem fjallar um efnahagslegt virði og er með mörgum fallegum myndum frá Vatnajökulspjóðgarði og þjóðgörðum í Bandaríkjunum og Bretlandi:

https://www.youtube.com/watch?v=usweFIA_zxc .

Viðauki: Verkefni sem Sverrir gæti unnið í – hvað hangir á spítunni

Sverrir hefur komið auga á nokkur áhugaverð tækifæri til nýsköpunar, og unnið í þeim sumum. Þar gætu verið möguleikar á samstarfi og fjárfestingu áhugasamra aðila. Það hvernig mál þróuðust hefur þó gert það erfitt að vinna í þessum tækifærum, eða erfiðara en það væri annars, þar sem svona mál eru reyndar aldrei auðveld viðfangs og óvissa mikil. Hér er stutt yfirlit yfir þessar hugmyndir.

Hugmynd fyrir ferðapjónustu á Íslandi: Þetta er hugmynd að veitingastarfsemi með afþreyingu fyrir ferðamenn hér á landi, þar sem atriði í þjóðmenningunni myndu búa til spennandi upplifun. Þetta þyrfti að framkvæma á úthugaðan hátt, til að passa upp á kostnað. Þetta mætti bjóða víða á landinu. Sverrir hefur ekki gert mikið af því að koma þessu á framfæri, enda ekki á hans sérsviði þó hann hafi komið auga á tækifærið (svipað og með Vatnajökul).

Möguleiki á þjónustu fyrir eigendur gæludýra. Hér er á ferð nýjung sem tekur á vandamáli sem er nokkuð algengt hjá gæludýrum. Lausnin sem Sverrir hefur þróað gerir það auðveldara, einfaldara og öruggara, náttúrulegra og þolanlegra að framkvæma þetta. Ef allir gæludýraeigendur myndu gera þetta sem forvörn, yrði lýðheilsa gæludýra betri heilt yfir séð, og minni hætta á vanlíðan, slysum og ótímabærum dauða. Samkvæmt því myndi fjöldi mögulegra notenda vera á um 140 milljónum heimila á Vesturlöndum, og því stór markaður.

Tilteknar vörur fyrir hunda- og kattaeigendur. Þetta er sniðug hugmynd að vörum, og fjöldi heimila með mögulegum notendum er um 100 milljónir heimila á Vesturlöndum.

Verkefni í hönnun: Sverrir hefur unnið að verkefnum í hönnun, og er það í gangi í dag.

Drykkjarvörutækifæri: Þetta er stærsta hugmyndin og kannski sú mest spennandi. Hér er á ferð tækifæri í að þróa nýja útfærslu af útbreiddri drykkjarvöru. Þessar vörur væru mjög áhugaverðar út frá lýðheilsu og öryggi. Stærðin á núverandi markaði er í um 300 milljörðum dollara á heimsvísu, um 36.000 milljörðum króna. Sverrir telur að þessi nýjung í heild gæti verið áhugaverð viðbót á þessum markaði, en þessi útfærsla er ekki til á markaðnum í dag. Hann hefur gert prufur, en hefur annars ekkert getað unnið í þessu.

Audio electronics tækifæri: Þetta er ein af elstu hugmyndum Sverris. Þetta sneri að breytingum á markaðshlutun, hönnun, framleiðslu, kynningu, verðþreppun, sölu og afhendingu á algengum tækjum. Markaðshlutinn sem áherslan var á var um 15-30 milljarða dollara, en stóri heildar markaðurinn upp á um 200 milljarða dollara. Sverri sýndist að markaðsvirði breytinganna, ef þær tækjust vel, ættu að vera um 6 milljarðar dollara. Það var alveg útilokað að vinna í þessu, vegna vandræðanna sem Sverrir var í, sem voru vegna Vatnajökulsmála. Hann var alveg strand í því. Vegna breytinga á hegðun neytenda eru þessi tækifæri minni, en þó eru enn tækifæri á einu af minni undirsviðum þessa.

Fleira. Fleiri tækifæri eru til staðar, og er lýst á vefnum www.ideabun.com, en þessi eru best.

10+ atriði til reiðu. Sverrir hefur þrátt fyrir allt enn nokkrar hugmyndir, um það hvernig mætti styrkja samband Vatnajökulsþjóðgarðs og atvinnulífs. Það var upphaflegur tilgangur tillagna um friðun á og kringum Vatnajökul. Kannski mætti búa til lítið verkefni í kringum það.